

149. löggjafarþing 2018–2019.
Þingskjal 173 – 172. mál.
Stjórnartillaga.

Tillaga til þingsályktunar

um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019–2023.

Frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Alþingi ályktar, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 33/2008, að á árunum 2019–2023 skuli unnið að samgöngumálum í samræmi við eftirfarandi aðgerðaáætlun sem er hluti af og innan ramma samgönguáætlunar fyrir árin 2019–2033 þar sem mörkuð er stefna og markmið sett fyrir allar greinar samgangna á gildistíma áætlunarinnar. Aðgerðaáætlunin tekur mið af ramma fjármálaáætlunar fyrir árin 2019–2023.

Fjárhæðir eru á verðlagi eins og það birtist í frumvarpi til fjárlaga 2019 og eru í milljónum króna.

Tafla 1 – Fjármálaáætlun 2019–2023

Fjármálaáætlun 2019-2023	2019	2020	2021	2022	2023	Samtals
Samgöngur samtals	41.375,9	40.767,0	40.309,2	34.705,2	34.705,2	191.862,5
221-101 Samgöngustofa	2.623,9	2.623,9	2.623,9	2.623,9	2.623,9	13.119,5
252-101 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	2.426,2	2.465,0	2.348,0	2.348,0	2.348,0	11.935,2
10-211 Vegagerðin	35.148,0	34.379,8	34.141,8	28.537,8	28.487,8	160.695,2
101 Almennur rekstur	1.114,6	1.124,6	1.124,6	1.124,6	1.124,6	5.613,0
107 Þjónusta	5.552,2	5.552,2	5.552,2	5.552,2	5.552,2	27.761,0
115 Styrkir til almenningsgangna	3.425,6	3.425,6	3.425,6	3.425,6	3.425,6	17.128,0
610 Framkvæmdir á vegakerfinu	23.545,4	23.388,4	23.250,4	17.846,4	17.846,4	105.877,0
620 Framkvæmdir við vita og hafnir	780,2	889,0	789,0	589,0	539,0	3.586,2
682 Botndælubúnaður við Landeyjahöfn	730,0					730,0
241-670 Hafnabótasjóður	915,5	923,0	1.023,0	1.023,0	1.073,0	4.957,5
231-101 Rannsóknarnefnd samgönguslysa	170,5	172,5	172,5	172,5	172,5	860,5
998-130 Varasjóður málaflökks	91,8	202,8				294,6
Verðlag fjárlagafrumvarps 2019.						

2. FLUGVELLIR OG FLUGLEIÐSÖGUÞJÓNUSTA

Tafla 3 – Fjármál flugmála.

Tekjur og framlög						
<i>Verðlag fjárlaga 2019. Fjárhæðir í millj. kr.</i>	2019	2020	2021	2022	2023	Samtals
Framlög úr ríkissjóði	2.426	2.465	2.348	2.348	2.348	11.935
Rekstrartekjur	693	693	693	693	693	3.465
Til ráðstöfunar alls	3.119	3.158	3.041	3.041	3.041	15.400
Gjöld						
<i>Verðlag fjárlaga 2019. Fjárhæðir í millj. kr.</i>	2019	2020	2021	2022	2023	Samtals
Rekstur og þjónusta	2.510	2.510	2.510	2.510	2.510	12.550
Stofnkostnaður (sjá sundurliðun í töflu 4)	144	140	0	0	250	534
Viðhald og reglubundin endurnýjun búnaðar (sjá sundurliðun í töflu 5)	465	508	531	531	281	2.316
Gjöld alls	3.119	3.158	3.041	3.041	3.041	15.400

Tafla 4 - Stofnkostnaður - sundurliðun						
<i>Verðlag fjárlaga 2019. Fjárhæðir í millj. kr.</i>	2019	2020	2021	2022	2023	Samtals
Alþjóðaflugvellir í grunnneti						
Reykjavík					150	150
Akureyri	144	140				284
Egilsstaðir					100	100
Samtals alþjóðaflugvellir í grunnneti	144	140	0	0	250	534
Samtals aðrir flugvellir í grunnneti	0	0	0	0	0	0
Samtals aðrir flugvellir og lendingarstaðir	0	0	0	0	0	0
Samtals stofnkostnaður	144	140	0	0	250	534

Tafla 5 -Viðhald og reglubundin endurnýjun búnaðar - sundurliðun

<i>Verðlag fjárlaga 2019. Fjárhæðir í millj. kr.</i>		2019	2020	2021	2022	2023	Samtals
Alþjóðaflugvellir í grunnneti							
Reykjavík	Yfirborðsviðhald flugbrauta og hlaða (bundin slitlög)	14	0	14	0	0	28
	Byggingar og búnaður				0		0
Akureyri	Ýmis leiðsögu- og ljósabúnaður og leiðrétting frávíka	36	60	37	0		133
	Yfirborðsviðhald flugbrauta og hlaða (bundin slitlög)	40	40	0	0		80
	Byggingar og búnaður	0	10			10	20
	Ýmis leiðsögu- og ljósabúnaður og leiðrétting frávíka	20	36	4	0	0	60
Egilsstaðir	Yfirborðsviðhald flugbrauta og hlaða (bundin slitlög)	6	0	78	524	263	871
	Byggingar og búnaður	5		10			15
	Ýmis leiðsögu- og ljósabúnaður og leiðrétting frávíka	58	8	10	0	0	76
Samtals alþjóðaflugvellir í grunnneti		179	154	153	524	273	1.283

Aðrir flugvellir í grunnneti							
Vestmannaeyjar	Yfirborðsviðhald flugbrauta og hlaða (bundin slitlög)	0	0	120	0	0	120
	Byggingar og búnaður			8			8
	Ýmis leiðsögu- og ljósabúnaður og leiðrétting frávíka	40	25				65
Ísafjörður	Yfirborðsviðhald flugbrauta og hlaða (bundin slitlög)	0	147	0	0	0	147
	Byggingar og búnaður	9					9
	Ýmis leiðsögu- og ljósabúnaður og leiðrétting frávíka		15	4	0	0	19
Bíldudalur	Yfirborðsviðhald flugbrauta og hlaða (bundin slitlög)	66	0	0	0	0	66
	Ýmis leiðsögu- og ljósabúnaður og leiðrétting frávíka	45	2				47
Gjögur	Ýmis leiðsögu- og ljósabúnaður og leiðrétting frávíka	9	2	0			11
Húsavík	Byggingar og búnaður			5			5
	Ýmis leiðsögu- og ljósabúnaður og leiðrétting frávíka	11					11
Grimsey	Ýmis leiðsögu- og ljósabúnaður og leiðrétting frávíka			100			100
Þórshöfn	Yfirborðsviðhald flugbrauta og hlaða (bundin slitlög)	0	0	126	0	0	126
Vopnafjörður	Ýmis leiðsögu- og ljósabúnaður og leiðrétting frávíka	1	10				11
Hornafjörður	Byggingar og búnaður			8			8
	Ýmis leiðsögu- og ljósabúnaður og leiðrétting frávíka	0	115				115
Samtals aðrir flugvellir í grunnneti		181	316	371	0	0	868

Aðrir flugvellir og landingarstaðir							
Yfirborðsviðhald flugbrauta og hlaða (bundin slitlög)							
	Bakki	44					44
	Stóri Kroppur		21				21
	Reykhólar	35					35
Samtals aðrir flugvellir og landingarstaðir		79	21	0	0	0	100
Sameiginleg verkefni							
	Til leiðréttinga og brýnna verkefna	26	17	7	7	8	65
Samtals sameiginleg verkefni		26	17	7	7	8	65
Samtals viðhald og reglubundin endurnýjun búnaðar		465	508	531	531	281	2.316

3. VEGAGERÐIN

Tafla 6 – Fjármál Vegagerðarinnar.

Tekjur og framlög

Verðlag fjárlaga 2019, fjárhæðir í millj. kr.	2019	2020	2021	2022	2023	Samtals
10-211 Vegagerðin						
Rekstrarframlög	9.690	9.700	9.700	9.700	9.700	48.490
Fjárfestingarframlög	25.055	24.277	24.039	18.435	18.385	110.191
Framlög úr ríkissjóði samtals:	34.745	33.977	33.739	28.135	28.085	158.681
Almennar sértekjur	393	393	393	393	393	1.965
Tekjur af Landeyjahöfn	10	10	10	10	10	50
Sértekjur samtals:	403	403	403	403	403	2.015
Til ráðstöfunar samtals:	35.148	34.380	34.142	28.538	28.488	160.696
10-241 Hafnarframkvæmdir						
Rekstrarframlög	916	923	1.023	1.023	1.073	4.958
Framlög úr ríkissjóði samtals:	916	923	1.023	1.023	1.073	4.958
Til ráðstöfunar samtals:	916	923	1.023	1.023	1.073	4.958

Gjöld

Verðlag fjárlaga 2019, fjárhæðir í millj. kr.

	2019	2020	2021	2022	2023	Samtals
10-211 Vegagerðin						
Rekstur:						
Almennur rekstur	1.115	1.125	1.125	1.125	1.125	5.615
Stjórn og undirbúningur	682,5	692,5	692,5	692,5	692,5	
Sértekjur	-209,5	-209,5	-209,5	-209,5	-209,5	
Vaktstöð siglinga	292,0	292,0	292,0	292,0	292,0	
Viðhald vita og leiðsögukerfa	200,0	200,0	200,0	200,0	200,0	
Rekstur Landeyjahafnar	10,0	10,0	10,0	10,0	10,0	
Sértekjur	-10,0	-10,0	-10,0	-10,0	-10,0	
Rannsóknir	150,0	150,0	150,0	150,0	150,0	
Þjónusta	5.552	5.552	5.552	5.552	5.552	27.760
Svæði og rekstrardeild (sértekjur)	-184,0	-184,0	-184,0	-184,0	-184,0	
Almenn þjónusta	2.696,0	2.696,0	2.696,0	2.696,0	2.696,0	
Vetrarþjónusta	3.040,0	3.040,0	3.040,0	3.040,0	3.040,0	
Styrkir til almenningsamgangna	3.426	3.426	3.426	3.426	3.426	17.130
Ferjur, sérleyfi á landi, innanlandsflug	2.420,0	2.420,0	2.420,0	2.420,0	2.420,0	
Almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu	1.006,0	1.006,0	1.006,0	1.006,0	1.006,0	

Fjárfestingar:**Framkvæmdir á vegakerfinu**

Viðhald	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	50.000
Nýframkvæmdir (Sjá sundurliðun í töflu 7)	13.545	13.488	13.350	7.846	7.846	56.075

Framkvæmdir við vita og hafnir	1.510	789	689	589	539	4.116
Vitabyggingar	15	15	15	20	20	
Sjóvarnargarðar (Sjá sundurliðun í töflu 9)	115	120	150	150	150	
Landeyjahöfn	642	641	464	394	344	
Botndælubúnaður við Landeyjahöfn	730					
Ferjubryggjur	3	3	50	10	10	
Hafna- og strandrannsóknir	5	10	10	15	15	

Samtals Vegagerðin 10-211:	35.148	34.380	34.142	28.538	28.488	160.696
-----------------------------------	---------------	---------------	---------------	---------------	---------------	----------------

10-241 Hafnarframkvæmdir**Rekstur**

Hafnabótasjóður (Sjá sundurliðun í töflu 8)	916	923	1.023	1.023	1.073	4.958
--	------------	------------	--------------	--------------	--------------	--------------

Samtals hafnarframkvæmdir 10-241:	916	923	1.023	1.023	1.073	4.958
--	------------	------------	--------------	--------------	--------------	--------------

Tafla 7 - Vegáætlun 2019–2023 – sundurliðun nýframkvæmda.
Vísitala áætlana 16.200

Suðursvæði I

Vegnr.	Vegheiti	Lengd kafla [km]	Eftirstöðvar kostnaðar						Framhald
			2019	2020	2021	2022	2023	2024+	
	Kaflanr.	Kaflaheiti	millj. kr.						
1		Undirbúningur verka utan áætlunar Hringvegur	50	50	50	50	50	+	
b4		Um Gatnabrún	450		450				
b5		Jökulsá á Sólheimasandi	520	255	245				
d2-d5		Norð austan Selfoss, brú á Ölfusá	5.500	10	10	10	10	+	
d6		Biskupstungnabraut- Varmá	4.350	1.050	1.600	450			
d6-d8		Varmá-Kambar	2.500		500	450	700	+	
30		Skeiða- og Hrunamannavegur	100	185					
34		Einholtsvegur-Biskupstungnabraut Eyrarbakkevegur	200			200			
208		Hringtorg og undirgöng við Suðurlhóla Skafartungvegur	150						
355		Um Eldvatn Reykjavegur	185						
01		Biskupstungnabraut-Laugarvatnsvegur		185					
Samtals Suðursvæði I			1.580	1.735	3.055	960	760		

Suðursvæði II (Reykjavík og Suðvestursvæði)

Vegnr.	Vegheiti	Lengd kafla [km]	Eftirstöðvar kostnaðar							Framhald
			1. 1. 2019	2019	2020	2021	2022	2023	2024+	
Kaflnr.	Kaflaheiti		millj. kr.							
1	Undirbúningur verka utan áætlunar Hringvegur		250	50	50	50	50	50	50	
e3	Bæjarháls-Vesturlandsvegur	1,6	400	400						
f3	Skarhólabraut-Hafravatnsvegur	1,2	510	510						
f5-f6	Um Kjalarnes	9,0	3.200	400	600	1440	760			
f8	Hvalfjarðargöng*									
36	Þingvallavegur		400			400				
41	Í Mosfellsdal, tvö hringtorg og undirgöng Reykjanesbraut								1000	
12	Gatnamót við Bústaðaveg		1.000							
12	Undirgöng í Kópavogi, skuld		100	100						
14	Kaldárselsvegur-Krýsuvíkurvegur	3,3	2.400	1000	1400					
15	Krýsuvíkurvegur-Hvassahraun Grindavíkurvegur	5,5	3.300	300						+
43	Reykjanesbraut-Blaalónsvegur		500	500						
01	Bætt umferðarflæði, almenningsgangvegur.			200	200	200	200	200	200	+
	Umferðarskýring á höfuðborgarsvæði			40	40	40	40	40	40	+
	Öryggisaðgerðir			100	100	100	100	100	100	+
	Göngubrýr og undirgöng			150	150	150	150	150	150	+
Samtals Suðursvæði II			3.450	2.840	2.840	2.380	1.300	1.540	1.540	

* Leitað verði leða til að fjármagna tvöföldun Hvalfjarðarganga í samstarfi við einkaaðila.

Vestursvæði

Vegnr.	Vegheiti	Lengd kafla [km]	Eftirstöðvar kostnaðar 1.1.19							2024+
			2019	2020	2021	2022	2023	2024+		
	Kaflanr.	Kaflaheiti	millj. kr.							Framhald
1		Undirbúningur verka utan áætlunar Hringvegur	250	50	50	50	50	50	50	+
54	h4	Um Heiðarsporð (Biskupsbeygja)	300		300					
60	10	Snæfellsnesvegur Um Fróðárheiði	250	250						
	25-28	Vestfjarðavegur								
	35-37	Um Gufulalssveit	6.700	600	2700	1800				
	39	Dynjandisheiði	5.300	300		300		1200		+
61		Dýrafjarðargöng Djúpvegur	7.200	3.500		3.700				
	34	Hestfjörður-Seyðisfjörður	550	550						
	35-36	Um Hattardalsá	270		270					
612		Örygshafnarvegur								
643	04	Um Hvallátur	120		120					
		Strandavegur							200	
	06	Um Veðileysuháls	700							
	09	Um Litlu Kleif í Norðurfirði	40	40						
Samtals Vestursvæði			4.990	5.650	3.440	2.350	1.450	1.450		

Norðursvæði

Vegnr.	Vegheiti	Lengd kafila [km]	Eftirstöðvar kostnaðar 1. 1. 2019							2024+
			2019	2020	2021	2022	2023	2024+	2024+	
Kafllanr. Kaflaheiti			millj.kr.							Framhald
1	Undirbúningur verka utan áætlunar Hringvegur		250	50	50	50	50	50	50	+
74	Jökulsá á Fjöllum	2,0	2.000	5	5	5	5	5	5	+
01	Skagastrandarvegur	8,5	1.350		1.000	350				
85	Hringvegur-Laxá									
	Norðausturvegur		1.000							
27	Brekknahéiði	7,6						200		
815	Hörgárdalsvegur	4,0	230		230					
01	Skriða-Brakandi									
842	Bárðardalsvegur vestri	37,0	1.500		270					+
01	Hringvegur-Sprengisandsleið									
862	Detifossvegur		1.475	600	200					
02-03	Súlnalækur-Ásheiði	14,6		675						
Samtals Norðursvæði			655	730	1.755	405	255			

Austursvæði

Vegnr.	Vegheiti	Lengd kafila [km]	Eftirstöðvar kostnaðar 1. 1. 2019 millj. kr.	2019	2020	2021	2022	2023	2024+
1	Undirbúningur verka utan áætlunar Hringvegur		250	50	50	50	50	50	
	v4-v5	4,7	300	300					
	x6-x9	18,0	4.500	10	10	530	580	1.200	+
	y2		450	100	350				
94	Borgarfjarðarvegur								
	Eiðar-Laufás	14,7	600				100	500	
	Um Vatnsskarð	8,8	360	360					
	um Njarðvíkurskriður		100	100					
	Samtals Austursvæði			920	410	580	730	1.750	
Samtals almenn verkfni				11.595	11.365	11.210	5.745	5.755	

Sameiginlegt

Vegnr.	Vegheiti	Lengd kafla [km]	Eftirstöðvar kostnaðar 1. 1. 2019						2024+
			2019	2020	2021	2022	2023	2024+	
Kafli		Kafli	millj. kr.						Framhald
	Tengivegir, bundið slitlag		800	900	900	900	900	900	+
	Breikkun brúa		405,0	463,0	480,0	441,0	431,0	431,0	+
	Hjóla- og göngustígar		250	265	265	265	265	265	+
	Samgönguransóknir		20	20	20	20	20	20	+
	Héraðsvegir		110	110	110	110	110	110	+
	Landsvegir utan stofnvegakerfis		120	120	120	120	120	120	+
	Styrkvegir		50	50	50	50	50	50	+
	Reiðvegir		75	75	75	75	75	75	+
	Smábryr		50	50	50	50	50	50	+
	Girðingar		60	60	60	60	60	60	+
	Sameiginlegur jarðgangakostnaður		10	10	10	10	10	10	+
	Samtals sameiginlegt		1950,0	2123,0	2140,0	2101,0	2091,0	2091,0	
Samtals nýframkvæmdir			13545,0	13488,0	13350,0	7846,0	7846,0	7846,0	

Höfn	Verkefni	Kostnaður				2020				2021				2022				2023				Hluttur ríkissj- 2024+
		Heldarkostn.	Lokið 1.1.2019	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.			
	Húsavík: Þvergarður endurbýggður (Stálpil: 90 m dýpi 8 m, 75 m dýpi 5 m)	375,0		156,0	94,4	114,0	69,0	105,0	63,5											75%		
	Húsavík: Þvergarður lengdur (stálpil 50 m, dýpi 6 m)	165,0		61,0	29,5	54,0	26,1	50,0	24,2											60%		
	Húsavík dýpkun vegna Þvergarðs í 8.0m. Magn 20.000 m ³ . Gröfthur	65,0						65,0	31,5											60%		
	Raufarhöfn: Endurbýgging hafskipabryggja (endurskooða) stálpil 80m dýpi 7m	240,0								62,0	37,5									75%		
Langanesbyggð																						
	Endurbýgging brimvarnargarðs á Bakkafirði (15.000 m ³)	95,0								48,0	29,0									75%		
Vopnafjörður																						
	Dýpkun og breiðkun innsiglingarrennu (dýpi 10 m, 21.500 m ³)	113,3	46,3	67,0	32,4															60%		
Seyðisfjörður																						
	Angorabryggja (trébryggja 46 m, dýpi 7 m)	124,0		64,0	38,7	60,0	36,3													75%		
	Bjólfsbakki. Endurbýgging, stálpil 150 m, 7 m dýpi	444,0								96,0	58,1									75%		
Djúpvogur																						
	Hafskipabryggja (stálpil 65 m og gafl 12 m, dýpi 6 m)	186,0						65,6	39,7	85,0	51,4									75%		
Hornafjörður																						
	Sandfangari við Einholtskletta (150 m, endurnýtt grjót úr Suðurfjótunga)	212,0		144,0	69,7	68,0	32,9													60%		
	Miklagarðsbryggja endurbýggð (stálpil 78 m, dýpi 5 m)	218,0						118,7	71,8	78,1	47,2									75%		
Vestmannaeyjar																						
	Hörgæyrargarður stytur um 30 m	49,9				49,9	24,1													60%		
Þorlákshöfn																						
	Endurbýgging Svartaskersbryggju (250 m, dýpi 6 m)	550,3		356,0	215,3	135,1	81,7													75%		
	Endurbýgging Suðurvarnargarðs (200 m, dýpi 8 m)	560,0								108,0	65,3									75%		
	Skurðsprenningar fyrir þilskurði Suðurvarabryggju, 140 m	82,0								82,0	39,7									60%		
Grindavík																						

Höfn	Verkefni	Heldarkostn.	Kostnaður		2019		2020		2021		2022		2023		2024+	Hluttur ríkissj.
			Lokið 1.1.2019		Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.		
	Óskipt				10,0	6,0	20,0	12,1	10,0	6,0	20,0	12,1	20,0	12,1		75%

Framkvæmdir í höfnum utan grunnets - ríkisstyrktar.
Skýringar: Framáætlun um heildarkostnað við framkvæmdir, virðisaukaskattur meðtalinn í kostnaði, en ekki í fjárveitingu. Verðlag fjárlaga 2019 í millj. kr.

Kjördæmi	Kostnaður	2019	2020	2021	2022	2023	Hluttur ríkissj.
Hafnir/hafnasamlög	Heildar- kostn. 1.1.2019	Kostn. Fjárv.	Kostn. Fjárv.	Kostn. Fjárv.	Kostn. Fjárv.	Kostn. Fjárv.	2019+
Reykholahreppur							
Endurbýgging stálþilsbryggju (dýpi 5 m, l 40 m)	290,0		74,0	53,7	126,0	91,5	90,0
Ísafjarðarbær (Suðureyri):							
Endurbýgging Vesturkafts (stálþil 60 m, dýpi 6 m)	138,0	68,6	41,5	69,4	42,0		75%
Súðavík							
Endurbýgging Miðgarðs (trébryggja 46 m, dýpi 6 m)	106,0					20,5	14,9 +
Stálþil við Langeyri. 80 m, dýpi 10 m	273,0	28,0	16,9	65,4	39,6	64,6	39,1
Strandabýggð, Hólmarvík							
Endurbýgging stálþils (50 m, dýpi 6 m)	125,0	50,0	36,3	60,0	43,5	15,0	10,9
Borgarfjörður eystri							
Hafnarvog, 12 tonn	2,0	2,0	1,2				75%
Breiðdalsvík							
Flotbryggja (20 m)	22,8	22,8	13,8				75%
Hafnir utan grunnets alls							
		171,4	109,7	194,8	125,1	153,6	103,7
				241,0	161,0	110,5	80,2
Hafnir innan og utan grunnets alls							
		1.679,5	916,0	1.629,9	923,0	1.799,5	1.023,0
				1.761,2	1.023,0	1.802,9	1.073,0

Tafla 9 - Sjóvarnir – sundurlíðun framkvæmda og fjárveitinga

Sundurlíðun framkvæmda við sjóvarnir.

Slýringar: Frumáætlun um heildarkostnað við framkvæmdir, virðisaukaskattur meðtalinn. Verðlag fjárlaga 2019 í millj. kr.

Sveitarfélag	Verkefni, sjóvarnir	2019		2020		2021		2022		2023		Hluttur ríkissj.
		Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	
Akranes												
	Breiðin, styrking og hækkun sjóvarnar (220 m - 3500 m ³)	25,1	22,0									7/8
	Höfðavík (Miðvogur) lenging á bakkavörð (170 m - 1100 m ³)					6,7	5,9					7/8
	Leynir, lenging sjóvarnar (25 m - 530 m ³)					3,2	2,8					7/8
	Sólmundarhöfði að vestanverðu (100 m - 1000 m ³)					7,8	6,8					7/8
Snæfellsbær												
	Hellnar við Gróuhól (100 m - 1.200 m ³)											7/8
	Hellissandur, við Hellisbraut 1 (125 m - 2.200 m ³)											7/8
	Ólafsvík, við Ennisbraut 23-37 (160 m - 1.600 m ³)											7/8
	Staðarsveit, við Marbakka (80 m - 800 m ³)											7/8
	Vestan Gufuskála (100 m - 1200 m ³)							10,3	9,0			7/8
	Staðarsveit, við Barðastaði (170 m - 1.700)							15,5	13,6			7/8
Reykholahreppur												
	Flatey, sjóvörn við gamla þorpið (um 25-30 m - 600 m ³) viðbót											7/8
Vesturbyggð												

Sveitarfélag	Verkefni, sjóvarnir	2019		2020		2021		2022		2023		Hluttur ríkissj.
		Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	
Árneshreppur	Sjóvörn við Kollsvík, forminjar (120 m - 1000 m ³)	7,5	6,6									7/8
	Sjóvörn á Gjögri (40 m - 600 m ³)					4,7	4,1					7/8
Dalabyggð	Sjóvörn við Ægisbraut, styrking (250 m – um 2.000 m ³)	11,6	10,2									7/8
	Húnaþing vestra											
Blönduós	Borgir í Hrítafirði (100 m - 1000 m ³)					8,6	6,6					7/8
	Vestan sláturhúss að hreinistöð við Ægisbraut 14 (100 m - 1.000m ³) Frá sláturhúsi út fyrir lóð Hafnarbrautar 1 (100 m - 1.000 m ³)							8,1	7,1			
Skagaströnd	Réttarholt að Sólvangi (260 m - 3.200 m ³)								21,0	18,4		7/8
	Skagaþyggð											
Skagafljórður, sveitarfélag	Sjóvörn við Krók, (250 m - 3.100 m ³) Sjóvörn við norðanvert Kálthamarsnes (200 m - 2.500 m ³)			16,8	14,7							7/8
	Hofsós, neðan við Suðurbraut 8-18 (200 m - 3.000 m ³)			13,8	12,1							7/8
Fjallabyggð												
										24,1	21,1	7/8

Sveitarfélag	Verkefni, sjóvarnir	2019	2020	2021	2022	2023	Hluttur	
		Kostn.	Fjársv.	Kostn.	Fjársv.	Kostn.	Fjársv.	ríkissj.
Dalvíkurbyggð	Ólafsfjörður, við Námuveg 11 (120 m - 1.600 m ³)				9,4	8,2		7/8
	Dalvík, lenging á sjóvörn austan hafnar (100 m - 1.600m ³)	11,7	10,2					7/8
	Árskógssandur, vestan hafnar, lengja vörn í norður (80 m - 1.600 m ³)	11,5	10,1					7/8
	Dalvík, Sæból að Framnesi (250 m - 3500 m ³)			26,4	23,1			7/8
	Sjóvörn frá Hinriksmýri að Lækjarbakka á Árskógssandi (170 m - 2500 m ³)			18,8	16,5			7/8
Svalbarðsstrandarhreppur								
	Styrking og lenging sjóvarnar norðan hafnar (180 m - 1.800 m ³)		14,2					7/8
	Lenging sjóvarnar norðan tjarnar (100 m - 1000m ³)		7,9					7/8
Grenivík								
	Framhald að höfn og styrking sjóvarnar (130 m - 1.900 m ³)		15,6					7/8
	Sjóvörn til suðurs inn fyrir Þengilbakka (100 m - 1.500 m ³)		12,0					7/8
Norðurljósing								
	Húsavíkurbakkar, endurbygging og styrking (270 m - 5.400 m ³)							7/8
Seyðisfjörður								
	Vestdalseyri				5,9	5,2		7/8

Sveitarfélag	Verkefni, sjóvarnir (100 m - 800 m ³)	2019		2020		2021		2022		2023		Hluttur ríkissj.
		Kostn.	Fjárv.	Kostn.	Fjárv.	Kostn.	Fjárv.	Kostn.	Fjárv.	Kostn.	Fjárv.	
	Pórarínsstaðaevri (200 m - 1.600 m ³)							12,6	11,0			7/8
	Við Austurveg (250 m - 3150 m ³)									24,4	21,4	7/8
Borgarfjarðarhreppur												
	Við Borg í Njarðvík (300 m - 4.000 m ³)									21,0	18,4	7/8
Fjarðabyggð												
	Eskifjörður, kaflar milli Strandgötu 78 og 98 (250 m - 2.700 m ³)					17,1	15,0					7/8
	Norðfjörður, sjóvarnir framan við gamla frystihúsið (170 m - 2000 m ³)					12,4	10,9					7/8
	Fáskrúðsfjörður, sjóvarnir við fjöru utan smábátahafnar (270 m - 2.400 m ³)					12,6	11,0					7/8
	Stöðvarfjörður, sjóvarnir við fjöru og lóða utan frystihúss (115 m - 1.300 m ³)					8,9	7,8					7/8
Mýrdalshreppur												
	Sjóvörn austan Víkurár (uppgjör frá 2017)											7/8
Árborg, sveitarfélag												
	Flóðvörn neðan við Baugsstaðarjómabúð (80 m - 1.600 m ³)									7,6	6,7	7/8
	Eyrrabakki, endurbygging sjóvarnar móts við Eyrargötu 49 (80 m - 1.200 m ³)									6,8	6,0	7/8
Ólfus, sveitarfélag												
	Herdísarvík (200 m - 4.000 m ³)							33,7	29,5			7/8

Sveitarfélag	Verkefni, sjóvarnir	2019 Kostn. Fjárv.	2020 Kostn. Fjárv.	2021 Kostn. Fjárv.	2022 Kostn. Fjárv.	2023 Kostn. Fjárv.	Hluttur ríkissj.						
Garðarbaer (Alftanes)													
	Endurbýgging sjóvarnar til móts við Blíkastíg (80 m – 800 m³)						7/8						
	Hliðsnes, sjóvörn á eiðinu út á Hliðsnes (160 m - 1.600 m³)						7/8						
	Lambhagi 14 (40 m - 300 m³)						7/8						
	Bessastaðanes, sjóvörn við Skansinn (190 m - 2.400 m³)			14,6	12,8		7/8						
	Endurbýgging sjóvarnar til móts við Hákotsvör, hækkka og styrkja garð (75 m – 500 m³)			3,4	3,0		7/8						
	Helguvík sunnanverð að Hliði (100 m - 1.100 m³)			7,1	6,2		7/8						
Seltjarnarnes													
	Við golfvöll, styrking og hækkun (110 m - 900 m³)	5,5	4,8				7/8						
	Við Ráðagerði, milli garða sem kommir eru (80 m - 1.000 m³)	6,3	5,5				7/8						
Óskipt													
	Óskipt til sjóvarna Óraðstafað	11,3	7,1	6,7	4,2	7,8	4,9	8	5,0	79,2	49,5	5/8	7/8
Sjóvarnir samtals		134,7	115,0	139,1	120,0	174,1	150,0	173,6	150,0	196,3	150,0		

4. ALMENN SAMGÖNGUVERKEFNI

Eftirtalin eru önnur verkefni sem unnið verður að í samræmi við settar áherslur 15 ára áætlunarinnar.

4.1 Markmið um greiðar samgöngur

Verkefni til að ná þessu markmiði verði m.a.:

1. Lokið verði við skilgreiningu á grunnneti hjólréiðastíga innan helstu þéttbýliskjarna og á vinsælustu ferðamannaleiðum.
2. Mótud verði heildstæð stefna í flugmálum og sett fram markmið um helstu þætti flugs með hagvöxt, flugtengingar og atvinnusköpun í forgrunni.
3. Lokið verði við mótun leiðsögustefnu og innleiðing hafin.
4. Metið verði hvaða þætti samgöngukerfisins þurfi sérstaklega að efla með tilliti til ferðaþjónustu og kannaðar leiðir til fjármögnunar.
5. Almenningsamgöngur verði skipulagðar sem heildstætt kerfi á landi, legi, og í lofti og gætt verði jafnræðis í stuðningi ríkisins við framkvæmdaaðila.
6. Aukin upplýsingagjöf til ferðamanna, s.s. með vegmerkingum, dreifiritum og á netinu.
7. Unnið verði að því að finna framtíðaraðstöðu fyrir æfinga- og kennsluflug.

4.2 Markmið um öryggi í samgöngum

Verkefni til að ná þessu markmiði verði m.a.:

1. Samgöngustofa efli eftirlit með því að framkvæmdir og rekstur vega og hafna uppfylli kröfur, m.a. með tilliti til öryggisstjórnunar.
2. Unnið verði að því að samræma skráningu ólíkra aðila á umferðarslysum og hún gerð aðgengilegri.
3. Gerð verði úttekt á flutningsgetu samgöngukerfisins komi til rýminga vegna náttúruhamfara eða annarra ófyrirséðra atburða með áherslu á höfuðborgarsvæðið.
4. Meginverkefni áætlunar á tímabilinu um flugöryggi verði:
 - a. Fest verði í sessi áhættumiðað eftirlitskerfi sem uppfyllir kröfur Alþjóða flugmála- stofnunarinnar (ICAO) og Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA).
 - b. Fylgst verði með og brugðist við nýjum öryggis áskorunum sem fylgja nýrri tækni, s.s. drónum.
 - c. Fylgst verði með öryggi þeirrar starfsemi, s.s. loftfara og landingarstaða, sem alþjóðlegar reglur ná ekki yfir og settar reglur eftir því sem nauðsyn krefur.
 - d. Innleitt verði verklag og tilmæli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um viðbragðsáætlun stjórnvalda vegna aðstandenda og fórnarlamba flugslysa.
5. Meginverkefni áætlunar á tímabilinu um öryggi sjófarenda verði:
 - a. Bætt verði skráning á alvarlegum atvikum og slysum á sjó í samevrópskan gagnagrunn (EMCIP) og atvik greind. Atvikagreiningar nýttar til að bæta fræðslu og forvarnir.
 - b. Unnið verði að því að innleiða öryggisstjórnunarkerfi, ISM, í öll stærri fiskiskip og eigin skoðun minni skipa samhliða því að auka vitund sjómanna um öryggisatriði.
 - c. Unnið verði að endurbótum á reglum um farþegaskip og mótað heildstætt regluverk sem nái yfir allar stærðir farþegaskipa
6. Meginverkefni umferðaröryggisáætlunar eru eftirfarandi:

- a. Reglulegar mælingar á ástandi umferðaröryggimála m.a. hraðakstri, akstri undir áhrifum ölvunar eða fíkniefna, bilbeltanotkun, farsímanotkun og ástandi hemla í þungum bifreiðum.
- b. Unnið verði að lagfæringum á stöðum þar sem mörg slys hafa orðið og umhverfi vegna bætt til að draga úr hættu á alvarlegum slysum við útafakstur.
- c. Halda áfram fræðslu og áróðri.
- d. Vinna að stöðugum endurbótum á samgöngukerfi.
- e. Halda áfram virku sýnilegu eftirliti og með hraðamyndavélum.

4.3 Markmið um hagkvæmar samgöngur

Verkefni til að ná þessu markmiði verði m.a.:

1. Unnið verði að því að þróa og festa í sessi faglegan grunn ákvarðanatöku um uppbyggingu samgöngukerfisins í dreifbýli og þéttbýli þar sem kostnaður og ábati mismunandi leiða að markmiðum samgönguyfirvalda verði borinn saman.
2. Greindir verði kostir þess að fela Isavia fjárhagslega ábyrgð á millilandaflugvöllum landsins.
3. Unnið verði að þróun eignastýringar í samgöngukerfinu, þ.e. gagnagrunnur um samgöngumannvirki þar sem eru skráðar upplýsingar um virði, ástand og viðhald þeirra.
4. Skoðaðar verði leiðir til fjármögnunar stærri framkvæmda, m.a. í samstarfi við einkaaðila, þ.m.t. verkefni þar sem ríkið leggi fram fé til að tryggja arðsemi. Í þessu tilliti verði innheimta veggjalda könnuð þar sem slíkt er mögulegt.
5. Á áætlunartímabilinu verði skoðað nýtt fyrirkomulag á gjaldtöku vegna notkunar á vegum sem verði miðað við ekna kílómetra. Samhliða verði hugað að mögulegum tímabundnum fjármögnunarleiðum, s.s. tímagjaldi.
6. Unnar verði greiningar á ferðavenjum með hliðsjón af álagstoppum í morgun- og síðdegisumferð á höfuðborgarsvæðinu og mögulegum úrbótum, s.s. hliðrun á opnunartíma og starfsemi stórra opinberra stofnana.
7. Komin verði í gagnið ný upplýsingakerfi fyrir skipaskráningar og skírteini sjófarenda, endurbætt loftfaraskrá og ökutækjaskrá þar sem sjálfsafgreiðsla notenda á „mínum síðum“ er útgangspunktur.
8. Á gildistíma áætlunarinnar verði metið hvort endurskoða eigi ábyrgð og umsjón á útgáfu ökuréttinda til samræmingar við þá verkaskiptingu sem er í flugi og siglingum.

4.4 Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur

Verkefni til að ná þessu markmiði verði m.a.:

1. Unnið verði í samræmi við aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Þar eru skilgreind eftirtalin samgöngutengd verkefni:
 - Ívilnanir fyrir loftslagsvæna bíla og eldsneyti.
 - Kolefnisgjald: Hækkun.
 - Stuðningur við innviði fyrir rafbíla og aðra vistvæna bíla.
 - Byggingar- og skipulagsreglugerðir: Reglur taki mið af þörfum rafbíla fyrir aðgengi að rafmagni.
 - Nýskráning dísel- og bensínbíla verði óheimil eftir 2030.
 - Úrelding eldri bíla.
 - Sérstakt átak til að nýta metan frá urðunarstöðum.
 - Innviðir fyrir rafhjól og reiðhjól.
 - Innlend eldsneytisframleiðsla úr plöntum og úrgangi.
 - Efling almenningsgangna og deilihagkerfis í samgöngum.
 - Innleiðing vistvænna bíla á vegum ríkisins.
 - Orkuskipti í ferjum.
 - Aukin hlutdeild endurnýjanlegs eldsneytis í skipum.
 - Rafvæðing hafna.
 - Flugvélar: Landtenging.
 - Svartolía: Dregið úr notkun.

Samgönguyfirvöld vinna að verkefnum aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum og orkuskiptaáætlunar í samræmi við aðkomu þeirra að þeim verkefnum.

2. Bættar verði tengingar og flæði bifreiða milli umferðarljósa á álagstímum til þess að draga úr mengun á fjölförnum leiðum.
3. Almenn fræðsla um vistakstur verði aukin í þeim tilgangi að draga úr mengun og hávaða frá bílaumferð.
4. Setja upp, áhættugreina og viðhalda yfirliti yfir mikilvægustu hluta samgöngukerfisins, mannvirki og staði, sem ætla má að loftslagsbreytingar hafi áhrif á.

4.5 Markmið um jákvæða byggðaðróun

Verkefni til að ná þessu markmiði verði m.a.:

1. Vinnu- og skólasóknarsvæði verði skilgreind.
Skodaðir verðir kostir þess að niðurgreiða flugfargjöld íbúa á landsbyggðinni.

Greinargerð.

Efnisyfirlit.

1. Samgöngustofa	bls.	33
1.1 Tekjur og framlög	bls.	33
1.2 Gjöld	bls.	33
1.2.1 Stjórnsýsla og rekstur	bls.	33
1.2.2 Forvarnir og öryggisáætlanir	bls.	34
1.2.3 Eftirlit með innlendum aðilum	bls.	36
1.2.4 Eftirlit með erlendum aðilum	bls.	36
1.2.5 Þjónusta og skrár í umsjón Samgöngustofu	bls.	36
1.2.6 Rannsóknir, þróun og umhverfismál	bls.	36
2. Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	bls.	37
2.1 Tekjur og framlög	bls.	37
2.2 Gjöld	bls.	38
2.2.1 Rekstur og þjónusta	bls.	38
2.2.2 Stofnkostnaður og viðhald	bls.	38
3. Vegagerðin	bls.	39
3.1 Tekjur og framlög	bls.	39
3.2 Gjöld	bls.	39
3.2.1 Rekstur	bls.	39
3.2.1.1 Almennur rekstur	bls.	39
3.2.1.2 Þjónusta	bls.	39
3.2.1.3 Styrkir til almenningsgangna	bls.	40
3.2.2 Framkvæmdir á vegakerfinu	bls.	41
3.2.2.1 Viðhald	bls.	41
3.2.2.2 Nýframkvæmdir á vegum	bls.	42
3.2.3 Framkvæmdir við vita og hafnir	bls.	58
3.2.3.1 Vitabyggingar	bls.	58
3.2.3.2 Sjóvarnargarðar	bls.	58
3.2.3.3 Landeyjahöfn	bls.	58
3.2.3.4 Ferjubryggjur	bls.	59
3.2.3.5 Hafna- og strandrannsóknir	bls.	59
3.2.4 Hafnabótasjóður – styrktar framkvæmdir	bls.	60

Inngangur

Hér er lögð fram aðgerðaáætlun fyrir fyrsta fimm ára tímabil fimm tán ára samgönguáætlunar sem lögð er fram samtímis. Er það í fyrsta sinn sem samgönguáætlun er til fimm og fimm tán ára í samræmi við lög um samgönguáætlun eftir breytingu á þeim í júní 2018. Aðgerða-áætlunin byggist á fjármálaáætlun 2019 til 2023 sem Alþingi samþykkti á vorþingi 2018. Með fjármálaáætlun er skotið mun traustari stöðum en var í gömlu fjárreiðulögunum undir alla áætlanagerð um útgjöld og framkvæmdir í samgöngumálum sem er meginviðfangsefni samgönguáætlunarinnar sem hér birtist.

Í kjölfar gildistöku laga um opinber fjármál hafa einnig orðið miklar breytingar á framlögum og framsetningu fjárlaga til samgöngumála, einkum á fjármögnun málaflokka en einnig á framsetningu í fjárlögum og í ríkisreikningi. Undir málefnasvið fjárlaga „11 Samgöngu- og fjarskiptamál“ í og málefnaflokkinn „samgöngur“ heyra öll framlög til samgöngumála, þ.m.t. til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, samgöngumála og póst- og fjarskiptamála. Framlög til Vegagerðarinnar, hafnarframkvæmda, Samgöngustofu, flugmála og slysarannsóknna falla í undirflokk samgöngumála. Markaðar tekjur hafa verið afnumdar. Tekjustofnar sem áður runnu til stofnana samgöngumála, t.d. umferðar-öryggisgjald, sérstakt bensíngjald, oliugjald, kílómetragjald og vitagjald, renna nú beint í ríkissjóð. Málaflokkur samgangna er því að lang mestu leyti fjármagnaður með framlagi úr ríkissjóði á fjárlögum en Samgöngustofa er enn fjármögnuð að hálfu leyti með þjónustutekjum frá viðskiptavinum í samræmi við vilja Alþingis.

Tafla 14 - Árangursmælikvarðar markmiða og aðgerða.¹

Nr.	Markmið	HM # ²	Mælikvarðar	Staða 2017	Viðmið 2019	Viðmið 2023
1	Greiddar samgöngur	9.1, 11.2	Úttektarskor Alþjóðaflugmálast. (ICAO), eftirlit og stjórnsýsla	81,55%	85%	87%
			Fækkun einbreiðra brúa á Hringvegi.	39	34	30
			Bundið slitlag á tengivegi, með nægilegt burðarþol (km)	5647 km		5.777 km
			Óbundið slitlag (km) á stofnvegum í grunnneti utan hálendis.	458 km	424 km	308 km
			Þjónusta og lokanir á Hringvegi Hellisheiði; Dagar/klst., hlutfall Mývatns- og Möðrudalsöræfi	99,69%/ 4 98,63%/10	7/24 99,5% ³ 7/10 98% ⁴	7/24 99,5% 7/10 98%
2	Öruggar samgöngur	3.6, 11.2	Látnum og alvarlega slösuðum fækki að jafnaði um 5% á 100.000 íbúa á ári.	4,18/56,79 ⁵	3,8/51,3	3,1/41,7
			Flugslysnum og alvarlegum flugatvikum á 100.000 flugstundir fækki um að jafnaði 5% á ári.	10,19	9,20	7,49
			Skráðum atvikum á sjó hjá RNSA fækki að jafnaði um 5% á ári.	127,4	115	94
3	Hagkvæmar Samgöngur		Samgöngukostnaður heimila %	14,5%	14%	12%
			Aukin sjálfsafgreiðsla viðskiptavina Samgöngustofu við eyðublöð.	20%	60%	85%
4	Umhverfislega sjálfbærar samgöngur	9.1, 11.2	Fjöldi vistvænna bíla % hlutfall af fjölda	3,39%	6%	15%
			Hlutfall almenningsgangna í fjölda ferða innan höfuðborgarsvæðisins	4%	5%	8%
			Fjöldi innstiga í ferðir með Strætó.	11.737.200	13.500.000	18.000.000
5	Jákvæð byggðapróun	11.2	Bundið slitlag (km) byggðakjarnar íbúar >100 í samþættu kerfi.	28 km	28 km	0 km
			Fjöldi farþega með innanlandsflugi.	398.415	430.500	500.000

¹ Unnið er að frekari þróun á mælikvörðum sem síðar verða birtir á vef samgönguáætlunar.

² Númer á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

³ Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar er skilgreind sem fjöldi vikudaga sem þjónusta er veitt og fjöldi klukkustunda innan sólarhrings. Þannig merkir 7/24 að vegur er þjónustaður alla daga, allan sólarhringinn.

⁴ Hlutfall yfir árið sem vegur var opin og fjöldi daga sem vegur lokaðist alveg eða hluta úr degi t.d. Hellisheiði, lokaðist í 4 daga, samtals í 27 klst.

⁵ Staðan 2017 fyrir öryggismælikvarða í umferð, flugi og siglingum, er meðaltal árána 2013–2017.

1. SAMGÖNGUSTOFA

1.1 Tekjur og framlög.

Skatttekjur eða það sem áður var nefnt markaðir tekjustofnar Samgöngustofu samkvæmt fjárlögum eru umferðaröryggisgjald, leyfis- og eftirlitsgjöld af flutningum á landi, leyfisgjöld vegna leigubifreiða, útgáfa lofthæfisskírteina og skráningargjöld ökutækja.

Áætlunin gerir ráð fyrir að skatttekjur innheimtar af Samgöngustofu verði 3.625 millj. kr. á tímabilinu miðað við óbreyttar forsendur. Þessir tekjustofnar renna í ríkissjóð.

Rekstrartekjur myndast vegna vinnu við lögbundin verkefni sem stofnunin sinnir. Þær eru áætlaðar 6.266 millj. kr. á tímabilinu og samanstanda af árgjöldum starfsleyfishafa, þjónustutekjum vegna nýsmíða og breytinga á skipum, breytinga á áður útgefnum heimildum, endurgreiddum kostnaði við samnorrænan gagnagrunn yfir kröfur til ökutækja og tegundir bifreiða sem uppfylla þær (Nortype) og annarra sérstakra verkefna, svo sem gagnauðræmni og útgáfu ýmissa skírteina.

Gert er ráð fyrir að framlag ríkissjóðs til Samgöngustofu standi undir almennum lögbundnum verkefnum. Þessi málaflokkur fer vaxandi, t.d. vegna evrópskra krafna um samræmt regluverk í samgöngum og neytendavernd. Meðal lögbundinna verkefna eru skoðanir á erlendum skipum og loftförum, neytendamál, framkvæmd öryggisáætlana og forvarna (þ.m.t. fræðsla) og nýjar kröfur um samræmd upplýsingakerfi. Heildarframlag ríkissjóðs á tímabilinu er áætlað 6.854 millj. kr.

Áætluð heildarútgjöld Samgöngustofu að teknu tilliti til samþykkrar fjármálaáætlunar 2019–2023 er 13.119,5 millj. kr.

1.2 Gjöld.

Gjöld Samgöngustofu eru fyrst og fremst rekstrargjöld og að mestu leyti launakostnaður. Í tillögunni að þingsályktun er gerð grein fyrir hvernig kostnaðurinn skiptist niður á helstu lögbundnu verkefni stofnunarinnar en hér á eftir er þeim lýst nánar. Gerð er grein fyrir markmiðum og áherslum í fimmtán ára áætluninni en í fimm ára áætluninni koma fram almenn verkefni í samræmi við þær áherslur sem verður unnið að á tímabilinu innan ramma tilgreindra fjárheimilda.

1.2.1 Stjórnarsýsla og rekstur.

Samgöngustofa fer með stjórnarsýslu samgöngumála: Flugmála, hafnamála, siglingamála, sjóvarna, umferðar- og vegamála. Ítarlegt regluverk gildir um allar samgöngur sem er alþjóðlegt að uppruna að mestu leyti.

Starfsemi Samgöngustofu sætir eftirliti alþjóðlegra stofnana sem taka reglulega út stjórnarsýslu stofnunarinnar á ýmsum sviðum sem lúta evrópskum öryggis- og verndarreglum.

Markmið flug- og siglingaverndar er að fyrirbyggja hryðjuverk og aðrar ólögætar aðgerðir gagnvart skipum, áhöfnum, farþegum, farni og höfnum. Á sviði flug- og siglingaverndar verður áfram unnið að áætlunum Íslands og þeim fylgt eftir, svo og nýjum reglugerðum Evrópusambandsins.

Lögð er áhersla á að flug- og siglingavernd standist kröfur EES- samningsins svo ekki komi til takmarkana á flugi eða siglingum héðan. Með aukinni hryðjuverkaógn í heiminum má reikna með aukinni áherslu á þennan málaflokk í innleiðingu reglna og umfangi eftirlits.

1.2.2. Forvarnir og öryggisáætlanir

Öryggisáætlanir í samgöngumálum heyra undir Samgöngustofu. Markmið stofnunarinnar er að samræma verklag eins og hægt er á milli samgöngugreina.

Allar áætlanirnar samanstanda af fjórum meginþáttum:

1. Stefnumörkun og markmiðum.
2. Öryggisstjórnun.
3. Skráningu og greiningu.
4. Fræðslu og upplýsingum.

Séráætlun er þó enn fyrir hverja grein samgangna í öryggisáætlanadeild stofnunarinnar. Samstarf er við Rannsóknarnefnd samgönguslysa um öryggismál í flugi, siglingum og umferð á landi. Nefndin gerir jafnan tillögur í öryggisátt fyrir allar samgöngugreinar í kjölfar rannsókna á atvikum og slysum.

Samgöngustofa heldur skrá yfir öll umferðarslys sem skráð eru af lögreglu og slys/óhöpp sem skráð eru hjá fyrirtækinu Aðstoð og öryggi. Flugrekendum og starfsleyfishöfum flugleiðsögu ásamt skirteinishöfum ber að tilkynna til stofnunarinnar skilgreind atvik í flugi eða flugleiðsögu. Jafnframt þurfa einkaflugmenn að skila tilkynningum til stofnunarinnar. Slys- og atvikaskráning Samgöngustofu er afar mikilvæg fyrir forvarnir og gerir það kleift að fylgjast með þróun öryggis á vegum, í lofti og á legi. Með góðri greiningu slíkra gagna er mögulegt að finna áhættuþætti í umferðinni og bregðast við þeim með viðeigandi ráðstöfunum.

Unnið er að uppbyggingu skráningar sjóslysa í evrópskan gagnagrunn (EMCIP) og haldið er utan um öryggisáætlun sjófarenda.

Samgöngustofa stýrir fræðslu og miðlun upplýsinga um öryggismál samgangna og stuðlar að þátttöku og samstarfi allra aðila sem vilja vinna að framgangi þeirra. Reglulega er efnt til áróðursherferða sem ætlað er að draga úr áhættuþegðun eða miðla upplýsingum um áhættuþætti í samgöngum.

Flugöryggisáætlun

Mikilvægur þáttur í mótun flugöryggisáætlunar er úrvinnsla gagna um flugslys og flugatvik. Safnað er gögnum um flugslys og flugatvik sem eru skráð í samevrópskan gagnagrunn sem auðveldar aðildarríkjum Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) að safna og deila gögnum um flugatvik. Með greiningu flugatvika má ráðast í aðgerðir til að fækka flugatvikum sem leitt geta til alvarlegra flugatvika eða jafnvel flugslysa. Markmið flugöryggisáætlunarinnar er að Ísland verði í hópi þeirra fimm Evrópuríkja þar sem fæst flugslys verða miðað við flugtíma og fjölda flughreyfinga (lending og flugtak hverrar flugvélar). Einnig að áfram verði unnið að auknu öryggi og að flugslysum og alvarlegum flugatvikum fækki um 5% á ári.

Siglingaöryggisáætlun

Samgöngustofa og verkefnastjórn um öryggismál sjófarenda fara með framkvæmd öryggisáætlunar sjófarenda. Helstu verkefni áætlunarinnar eru öryggisstjórnun, skráning og greining, fræðsla, upplýsingar og rannsókna- og þróunarverkefni sem ætlað er að stuðla að þessum markmiðum.

Stefnt er að fækkun alvarlegra slysa hjá sjómönnum um 5% á ári þegar miðað er við skráningar Landspítala og Slysaskrár Íslands. Áfram verði unnið að því að treysta og auka öryggi íslenskra skipa, áhafna og farþega þannig að enginn látist í sjóslysum eða hið minnsta verði fjöldi látinna í sjóslysum ekki fleiri en einn á ári að jafnaði á tímabilinu.

Samgöngustofa vinnur að því að setja upp gagnagrunn fyrir sjóslys og hefja sambærilega skráningu og er á flugslysnum og umferðarslysnum. Þegar því er lokið er hægt að hefjast handa við þetta verkefni af fullum krafti.

Í öryggisáætluninni eru nú lagðar megináherslur á öryggisstjórnun um borð í skipum. Tilgangur öryggisstjórnunarinnar er að tryggja sem best að öryggisþættir séu undir öruggri stjórn þeirra sem eiga allt sitt undir henni og að búnaður skips og hæfni skipverja sé ávallt eins góð og mögulegt er. Unnið er eftir aðgerðaáætlun fyrir hvert ár.

Umferðaröryggisáætlun

Árlegur samfélagslegur kostnaður af umferðarslysnum er 40-60 milljarðar króna og er því til mikils að vinna að auka umferðaröryggi með öllum tiltækum ráðum. Framkvæmd umferðaröryggisáætlunarinnar er á forræði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis en ábyrgð verkefna liggur hjá ráðuneytinu ásamt Vegagerðinni, Samgöngustofu og Ríkislögreglustjóra. Eftirlit er í höndum lögreglu, rekstur hraðamyndavéla er í höndum Vegagerðarinnar og fræðsla og forvarnir eru í höndum Samgöngustofu. Á tímabilinu er unnið að því að Ísland verði í hópi þeirra fimm Evrópuþjóða sem búa við besta umferðaröryggið. Markmið er að fækka banaslysum og alvarlegum slysum um 5% á ári að jafnaði.

Helstu aðgerðir Samgöngustofu til þess að ná þessu markmiði eru m.a.:

- Að breyta hegðun og viðhorfum fólks í umferðinni til betri vegar og koma með þeim hætti í veg fyrir slys.
- Að umferðarfræðsla verði í öllu skólakerfinu frá leikskóla upp í framhaldsskóla. Unnið verði að nýju námsefni og eldra námsefni verði uppfært.
- Vinna að fræðslu fyrir erlenda ferðamanna og erlenda ríkisborgara búsetta á Íslandi.
- Að standa fyrir herferðum til þess að vinna gegn veikleikum sem birtast við greiningu við slysatölfræði, s.s. ölvunarakstur, bílbeltanotkun og notkun snjalltækja.
- Fræðsla og kynningar fyrir almenning, t.d. um öryggisatriði eða nýjar reglur.
- Að vinna með sveitarfélögum við gerð öryggisáætlana.

Framkvæmdir Vegagerðarinnar lúta umferðaröryggisstjórnun sem felur í sér að skoðaðar eru mismunandi útfærslur á nýjum vegum með umferðaröryggi í huga. Einnig að vegir í notkun eru stöðugt rýndir með hliðsjón af umferðaröryggi. Þannig má finna hættulega staði, svokallaða svarta bletti og ráða bót á þeim. Helstu aðgerðir Vegagerðarinnar til þess að ná markmiðum umferðaröryggisáætlunar eru m.a.:

- Finna og lagfæra hættulega staði í vegakerfinu þ.m.t. vegamót.
- Aðskilja akstursstefnu á umferðaþyngstu vegunum.
- Aðgerðir sem draga úr eða takmarka hraða ökutækja.
- Fjölga hvíldarsvæðum við þjóðvegi.
- Fjölga útskotum fyrir ferðamenn.

Lögreglan skipuleggur umferðareftirlit í samráði við Vegagerðina og Umferðarstofu með sérstaka áherslu á hraðaeftirlit við hættulega staði í vegakerfinu.

1.2.3 Eftirlit með innlendum aðilum

Samgöngustofa hefur eftirlit með og framkvæmir úttektir á þeim sem hafa útgefin starfsleyfi frá stofnuninni. Eftirlitsskyldir starfsleyfishafar eru m.a. í flugstarfsemi þar sem fram fer eftirlit með flugvöllum, flugrekendum, viðhaldsstöðvum og flugskólum. Í flugleiðsögu fer fram eftirlit með starfsleyfishöfum flugleiðsöguþjónustu, þ.e. Isavia ohf. og Veðurstofu Íslands. Í siglingum er m.a. eftirlit með skipum með úttektum og skyndiskoðunum; nýsmíði- og breytingaskoðunum á bátum og skipum; eftirlit er með starfsemi A- og B-faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar, viðurkenndra flokkunarfélaga sem og annarra starfsleyfishafa, svo sem í farþegaflutningum og hjá bátaleigum. Í umferðarmálum er eftirlit með skoðunarstöðvum, bílaumboðum, ökunámi og ökukennslu svo nokkuð sé nefnt. Eftirlit með leyfisskyldum aðilum, t.d. leigubílum og eftirlit með hvíldartíma ökumanna er hjá Samgöngustofu en umferðareftirlit og eftirlit með hleðslu, frágangi og merkingu farms er hjá ríkislögreglustjóra. Samgöngustofa hefur eftirlit með að fylgt sé kröfum um öryggi samgöngumannvirkja, öryggisstjórnun við rekstur þeirra og annast öryggisúttektir á þeim.

1.2.4 Eftirlit með erlendum aðilum

Samgöngustofa annast svokallað hafnarrikiseftirlit sem gengur út á að haft er eftirlit með að ástand, búnaður, rekstur og mönnun erlendra kaupskipa, sem koma í höfn hér á landi, séu í samræmi við alþjóðasamþykktir. Markmiðið er að draga úr siglingum skipa um heimshöfin sem uppfylla ekki kröfur alþjóðasamþykktta. Sambærilegt eftirlit fer fram á erlendum flugvélum sem hafa viðkomu á íslenskum flugvöllum, svonefndar SAFA skoðanir (Safety Assessment of Foreign Aircraft, SAFA). Strangar kröfur um þjálfun og þekkingu eru gerðar til eftirlitsmanna stofnunarinnar sem sinna þessum verkefnum.

1.2.5 Þjónusta og skrár í umsjón Samgöngustofu

Hjá Samgöngustofu eru haldnar lögbundnar skrár um farartæki á Íslandi, þ.e. ökutæki, skip og loftför. Þá fer umsýsla og skráning farartækja fram hjá Samgöngustofu.

Skrárnar eiga það sameiginlegt að geyma margvíslegar upplýsingar m.a. skrásetningar-skírteini farartækja, eignarhald og tæknilegar upplýsingar. Stöðugt er unnið að viðhaldi og endurnýjun skrána og ber þar einkum að nefna vinnu vegna nýs skipa- og lögskráningarkerfis. Áætlað er að taka nýtt kerfi í notkun á gildistíma áætlunarinnar. Þetta er viðamikil verkefni sem verður í áframhaldandi þróun næstu árin.

Samgöngustofa miðlar töluverðum upplýsingum úr skránum svo sem til opinberra aðila, fjölmiðla, nemenda í verkefnavinnu og einkaaðila.

Áhersla hefur verið lögð á þróun rafrænnar þjónustu og sjálfsafgreiðslu á vef stofnunarinnar til hagsbóta fyrir almenning og hagaðila sem sækja þjónustu og eru undir öryggiseftirliti Samgöngustofu. Rafræn þjónusta eykur aðgengi almennings og styður við hagkvæmnimarkmið samgönguáætlunar.

1.2.6. Rannsóknir, þróun og umhverfismál

Samgöngustofa framfylgir rannsókn- og þróunaráætlun í samræmi við markmið stofnunarinnar og samgönguáætlunar.

Rannsóknir og greiningar tengjast öryggi farartækja, stjórnenda þeirra og farþega: Áhersla verður lögð á að vinna úr niðurstöðum rannsókna á samgönguslysum og kappkosta að lærdómur sem af þeim má draga skili sér inn í lög og reglugerðir um öryggi skipa og áhafna og í umferð á vegum og í lofti.

Umhverfismál eru stækkandi málaflokkur hjá Samgöngustofu þar sem tæknileg þekking um farartæki í samgöngum er mjög sérhæfð og leita aðrar stofnanir gjarnan eftir ráðgjöf til sérfræðinga stofnunarinnar. Veittar eru upplýsingar um útbúnað og útblástur farartækja, t.d. vegna viðskiptakerfis Evrópusambandsins með losunarheimildir (ETS) í flugi. Væntanlegar eru svipaðar kröfur í siglingum. Kröfur hafa verið settar svo sem varðandi hávaða á flugvöllum og umgengni í höfnum.

Samgöngustofa hefur einnig umsjón með gerð aðgerðaáætlunar í umhverfismálum í flugi sem er hluti af skuldbindingum stjórnvalda gagnvart Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO). Aðgerðaáætlunin er unnin í samráði við aðrar stofnanir og með tilkomu nýs alþjóðlegs viðskiptakerfis um losunarheimildir í flugi (CORSIA) er fyrirsjáanlegt að vægi hennar aukist.

Ýmsar áskoranir fylgja hnattrænni hlýnun af mannavöldum og auknar siglingar um norðurslóðir eru eitt þeirra verkefna sem búast má við að verði sífellt veigameira á gildistíma áætlunarinnar. Verkefnið um siglingaöryggi en mikilvægt er að gæta samhliða að umhverfissjónarmiðum.

2. FLUGVELLIR OG FLUGLEIÐSÖGUBJÓNUSTA

Isavia ohf. rekur flugvelli og flugleiðsögukerfi ríkisins samkvæmt lögum þar að lúandi. Flugvellirnir eru reknir í tveimur flugvallakerfum enda gilda um þau ólík regluverk.

Í öðru flugvallakerfinu er eingöngu Keflavíkflugvöllur en hann fellur undir regluverk EES sem gildir um stærsta flugvöll í hverju landi.

Hitt flugvallakerfið, innanlandsflugvallakerfið, er veigamikill hluti af almenningssamgöngukerfi landsins og samanstendur af öðrum flugvöllum og lendingarstöðum. Grunnnet flugvalla tekur mið af flugvöllum með reglulegt áætlunarflug, bæði flugvöllum með áætlanflug á markaðslegum forsendum og ríkisstyrktum áfangastöðum samkvæmt útboði, sem búa við skertar samgöngur. Enginn flugvallanna er sjálfbær og njóta því allir framlaga úr ríkissjóði. Þjónusta einstakra flugvalla er skilgreind í þjónustusamningi.

Þjónustusamningurinn er í samræmi við þessa samgönguáætlun og í honum er kveðið á um hvaða þjónustu skuli veita á flugvöllum.

2.1 Tekjur og framlög

Þjónustusamningur Isavia og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins felur í sér greiðslur á um tveimur þriðju hluta af rekstrarkostnaði við innanlandskerfi flugvalla. Aðrar tekjur, t.d. landingargjöld, farþegagjöld og önnur notendagjöld sem renna til Isavia, þurfa að standa undir þeim kostnaði sem ríkið greiðir ekki.

Framlög til framkvæmda og viðhalds á innanlandsflugvöllum eru greidd beint úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum.

Keflavíkflugvöllur er sjálfbær í rekstri. Þar eru innheimt þjónustugjöld sem standa undir rekstri flugvallarins og framkvæmdum. Framkvæmdir eru ákveðnar í samráði við notendur flugvallarins. Ríkið greiðir fyrir ríkisflug á flugvöllum og er það í samræmi við reglur Evrópusambandsins.

Notendagjöld á Reykjavíkflugvelli eru hliðstæð gjöldum á Keflavíkflugvelli en gjöld á öðrum flugvöllum hafa verið mun lægri. Nauðsynlegt fjármagn til viðhalds og framkvæmda á flugvallarmannvirkjum og flugleiðsögubúnaði innanlandsflugvalla hefur verið metið um 700 millj. kr. á ári að núvirði en uppsöfnuð þörf vegna vanfjárfestingar undanfarin ár þýðir að hún nemur nú um 1.200 milljónum króna árlega næstu árin ef koma á innviðum innanlandskerfis í viðunandi horf á næstu fimm árum.

Síðustu 10 ár hefur að meðaltali verið varið að núvirði um 365 milljónum króna til viðhalds og framkvæmda á flugvallarmannvirkjum og flugleiðsögubúnaði. Það er rétt rúmlega helmingur af því fjármagni sem talið er nauðsynlegt til að verja árlega til viðhalds á núverandi mannvirkjum. Fjármagni til viðhalds er og verður forgangsraðað til áætlunarflugvalla og þá sérstaklega til viðhalds flugbrauta.

Til þess að alþjóðaflugvellir í grunnneti, Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvellir uppfylli samræmdar kröfur EES-samningsins í reglugerð nr. 464/2007 um flugvelli er nauðsynlegt að setja upp aðflugsljós á fimm flugbrautum á þessum flugvöllum. Tryggja þarf fjármagn fyrir framkvæmdina sem þarf að vera lokið í árslok 2021.

Isavia rekur leiðarflugsþjónustu í úthafssvæði og innanlandssvæði. Alþjóðaflugþjónustan nær yfir þjónustu á úthafssvæðinu og er allur kostnaður vegna þjónustunnar greiddur af tekjum sem innheimtar eru af notendum samkvæmt svokölluðum „Joint Finance“ samningi.

2.2 Gjöld

2.2.1. Rekstur og þjónusta

Áætlun þessi gerir ráð fyrir óbreyttri þjónustu á flugvöllum og lendingarstöðum í grunnneti út fyrir hluta áætlunartímabilsins. Hugsanlegt er að þjónustan skerðist á nokkrum flugvöllum, svo sem Bíldudalsflugvelli, vegna bágs ástands á flugbrautum.

2.2.2. Stofnkostnaður og viðhald

Fjárfestingar í innanlandsflugvallakerfinu miðast fyrst og fremst við að uppfylla staðal-kröfur, svo sem um aðflugsljós, öryggissvæði, viðhald mannvirkja og í nokkrum tilvikum nýframkvæmdir. Markmið viðhaldsverkefna á vegum Isavia er einnig að mannvirki séu í fullnægjandi ástandi og haldi verðmæti sínu.

Við gerð þessarar áætlunar er miðað við að forgangsraða á eftirfarandi hátt:

1. Mestan forgang hefur viðhald flugbrauta.
2. Brýnasti flugleiðsögu- og fjarskiptabúnaður.
3. Aðflugs- og brautarljósabúnaður og tilheyrandi rafkerfi til að tryggja nákvæmni í aðflugi í slæmu skyggni auk innviða sem þegar liggja undir skemmdum.

Í forgangi eru áætlunarflugvellir, næst þeir lendingarstaðir sem notaðir eru til sjúkraflygs en aftast í röðinni eru aðrir lendingarstaðir.

Unnið er að innleiðingu svonefnds EGNOS-aðflugs (European Geostationary Navigation Overlay Service) fyrir flugvöllina allt frá Norðurlandi eystra til Suðausturlands, eða frá Akureyri til Hafnar í Hornafirði. EGNOS er evrópskt flugleiðsögukerfi sem byggist á GPS staðsetningu og auðveldar aðflug umtalsvert án þess að það þurfi að koma fyrir sérstökum búnaði á flugvelli.

Ratsjárabúnaður Akureyrarflugvallar er kominn til ára sinna og er vandlega fylgst með virkni hans. Áætlaður endurnýjunarkostnaður nemur allt að 1.000 millj. kr. og er hann ekki inni í samgönguáætlun.

Áætlað viðhaldsfé á árunum 2019–2023 er ekki nægjanlegt fyrir alla flugvelli í innanlandskerfinu. Því er ljóst að viðhald flugvalla og lendingarstaða verður í lágmarki innan þessa fjárhagsramma. Unnið er að endurskoðun á rekstri flugvalla innanlands þar sem m.a. er fjallað um fjármögnun þeirra.

3. VEGAGERÐIN

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega samkvæmt vegalögum nr. 80/2007, með síðari

breytingum, en að auki skilgreina mörg önnur lög starfsumhverfi hennar. Vegagerðin starfar einnig samkvæmt lögum um Vegagerðina nr. 120/2012. Veghaldari er sá aðili sem hefur veghald en það merkir forræði yfir vegum og vegsvæðum, þar með talin er vegagerð, þjónusta og viðhald vega. Þá eru ónefnd fjölmörg verkefni sem voru flutt frá Siglingastofnun til Vegagerðarinnar.

Hlutverk Vegagerðarinnar hefur verið endurskilgreint á eftirfarandi hátt:

Að þróa og annast samgöngukerfi á sjó og landi á sem hagkvæmastan hátt með þarfir samfélagsins að leiðarljósi. Með þessu er átt við að samgöngur séu tryggar allt árið með eins litlum tilkostnaði og eins miklum þægindum og hægt er fyrir vegfarendur. Sérstök áhersla er lögð á samgöngur innan þjónustusvæða og að leiðarvísun sé eins skilmerkileg og frekast er kostur. Við gerð vega og viðhald þeirra er lögð sérstök áhersla á að slys verði sem fæst. Reynt er að taka sem mest tillit til óska vegfarenda og að samspil vegar og umferðar við umhverfi og íbúa sé sem best. Sérstök áhersla er lögð á að vernda minjar og að finna leiðir til þess að draga úr mengun frá umferð.

3.1 Tekjur og framlög.

Sem fyrir segir hafa markaðar tekjur verið afnumdar þannig að mestur hluti fjármagns til Vegagerðarinnar og allt fjármagn til hafnarframkvæmda kemur nú sem bein framlög úr ríkissjóði. Framlög þessi skiptast í rekstrarframlög og fjárfestingaframlög.

Gert er ráð fyrir að árlegar rekstrartekjur Vegagerðarinnar verði 403 millj. kr. Tekjur almenns rekstrar eru áætlaðar 219,5 millj. kr. og eru aðallega tekjur siglingasviðs af vinnu fyrir hafnasjóði sveitarfélaganna og eru tekjur þjónustuliðar áætlaðar 184 millj. kr. og eru það aðallega tekjur rekstrardeildar, sem heyrir undir þjónustulið.

3.2 Gjöld

3.2.1 Rekstur

3.2.1.1 Almennur rekstur

Undir almennan rekstur heyra gjaldaliðirnir: Stjórn og undirbúningur verka, Vaktstöð siglinga, viðhald vita og leiðsögukerfa, rekstur Landeyjahafnar og rannsóknir. Hluti af þessum lið er fjármagnaður af sértekjum svo sem gjaldaliðirnir „Stjórn og undirbúningur“ og „Svæði og rekstrardeild“. Sértekjurnar eru sýndar í töflunni sem neikvæð gjöld.


3.2.1.2 Þjónusta.

Þjónusta Vegagerðarinnar miðar að því að standa undir viðunandi rekstri vegakerfisins og tryggja greiða og örugga umferð. Þjónusta á vegakerfinu tekur til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu. Undir þjónustuliðnum eru einnig rekstur svæða og rekstrardeild en þessir liðir standa undir sér og er gert ráð fyrir að rekstrardeild skili sértekjum.

Þörf er fyrir aukna þjónustu vegna aukinnar umferðar, m.a. vegna ferðamanna, einkum að vetri til. Þar að auki hefur breikkun á nokkrum fjölförnum vegum í kringum höfuðborgarsvæðið aukið umfang vetrarþjónustu. Í Áætluninni er gert ráð fyrir auknu fé í þjónustu á vegum.

Á eftirfarandi mynd má sjá hvernig vetrarþjónusta hefur aukist á kostnað almennrar þjónustu undanfarin ár.

Tafla 15 – Vetrarþjónusta og almenn þjónusta 2005–2017 og áætluð fjárveiting 2018–2023. Verðlag fjárlaga 2019.



3.2.1.3 Styrkir til almenningsamgangna

Vegagerðin sér um ríkisstyrki til almenningsamgangna. Rekstur á leiðum sem styrktar eru er boðinn út. Í kjölfar stefnumótunar í almenningsamgöngum má búast við hækkun framlaga í tengda liði.

Þessi liður skiptist í eftirfarandi liði:

Ferjur: Styrktar eru fimm ferjuleiðir: Vestmannaeyjafarja, Breiðafjarðarferja, Hríseyjarferja, Grímseyjarferja og Mjóafjarðarferja. Miðað er við að ný Vestmannaeyjafarja komi til landsins um næstkomandi áramót. Gert er ráð fyrir að Vestmannaeyjabær yfirtaki rekstur ferjunnar.

Sérleyfi á landi: Gerðir hafa verið samningar við samtök sveitarfélaga á landsbyggðinni um ríkisstyrktan rekstur á almenningsamgöngum á landi. Unnið er að stefnumótun í almenningsamgöngum og miðað er við að samningar við landshlutasamtökin verði endurnýjaðir.

Innanlandsflug: Innanlandsflug er styrkt til Bíldudals, Gjögurs, Grímseyjar, Þórshafnar, Vopnafjarðar og Hafnar í Hornafirði.

Almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu: Í gildi er samningur við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu og rekstur almenningsamgangna og markvissar stuðningsaðgerðir í tilraunaverkefni til 10 ára. Jafnframt er kveðið á um frestun umfangsmikilla vegaframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Samningurinn gildir til ársins 2022. Starfandi er stýrihópur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og Vegagerðarinnar um bætta samgöngur á höfuðborgarsvæðinu, þar á meðal almenningsamgöngur. Lögð hafa verið fram drög að tillögum um einstök verkefni og eru viðræður að fara af stað á milli aðila um nánari útfærslu á verkefnum, aðkomu ríkisins og fjármögnun þeirra.

3.2.2 Framkvæmdir á vegakerfinu

Framkvæmdir á vegakerfinu skiptast annars vegar í viðhald og hins vegar í nýframkvæmdir. Eftirfarandi eru markmið um framkvæmdir í vegamálum:

- Byggja upp grunnnet stofnvega sem skilgreint er í samgönguáætlun með fullu burðarþoli og bundnu slitlagi.
- Endurbyggja/breikka einbreiða kafla með bundnu slitlagi þar sem bundið slitlag var lagt á gamla vegkafla án endurbóta og reynst hafa hættulegir svo og kafla þar sem vegferill er ónothæfur.
- Breikka vegi þar sem umferð er svo mikil að flutningsgeta og umferðaröryggi verða vandamál. Aðgreina akstursstefnur eftir atvikum.
- Fækka einbreiðum brúm á vegum með yfir 200 bíla meðalumferð á dag allt árið.
- Lagfæra vegi á hættulegum stöðum í samræmi við sérstaka áætlun.
- Byggja/endurbæta vegi og brýr á höfuðborgarsvæðinu í þeim mæli að umferðarástand versni ekki.

3.2.2.1 Viðhald.

Viðhald þjóðvegakerfisins felur í sér að varðveita þau verðmæti sem liggja bundin í vegakerfinu ásamt því að uppfylla reglur um burðarþol og breidd vega.


Umfang verkefnisins tekur til verkefna á 12.898 km löngu þjóðvegakerfi og felur í sér eftirtalda þætti:

- Viðhald vegganga.
- Viðhald á bundnu slitlagi.
- Viðhald malarvega.
- Styrkingar og endurbætur.
- Brýr og varnargarðar.
- Umferðaröryggi s.s. eyðing svartbletta, lagfæringar á vegamótum, lagfæringar á veghelgunarsvæðum, gerð hvíldarsvæða og útskota fyrir ferðamenn við vegi.
- Vatnsskemmdir á vegum og ýmislegt ófyrirséð.
- Viðhald girðinga.
- Frágangur gamalla efnisnáma.
- Minjar og saga.

Þjóðvegakerfið er byggt upp á löngum tíma og misvel í stakk búið til að gegna hlutverki sínu. Stöðug aukning umferðar, aukinn umferðarhraði og ekki síst aukin umferð þungra ökutækja á þjóðvegum leiða af sér sífellt meiri þörf fyrir örugga og vel gerða vegi. Vegir sem lagðir voru fyrir 20–30 árum uppfylla ekki kröfur sem gerðar eru til burðarþols, breiddar og umferðaröryggis. Kröfur vegfarenda eru einnig sífellt að aukast og ætlast er til að umferð geti gengið greiðlega árið um kring.

Kostnaður við viðhald vega á árunum 2005–2017 hefur numið 5.400–8.500 millj. kr. á ári miðað við verðlag í júlí 2018. Árið 2018 var rúmlega 8.000 millj. kr. af framkvæmdafé varið í viðhald. Ríkisstjórnin ákvað að auka enn í viðhaldið á árinu og samþykkti að verja allt að 4.000 millj. kr. til viðbótar úr varasjóði til þess að bregðast við brýnum viðhaldsverkefnum og uppsöfnuðum vanda. Áætlunin miðar við að auka framlag til viðhalds í 10.000 millj. kr. á ári frá árinu 2019.

Tafla 16 - Kostnaður við viðhald 2005–2017 og áætluð fjárveiting 2018–2023 . Verðlag fjárlaga 2019.



3.2.2.2 Nýframkvæmdir á vegum

Útgjöldum er nú skipt á færri liði en áður. Það sem áður var stofn- og tengivegakerfi og annað eru nú einn liður: Nýframkvæmdir. Að öðru leyti er útgjöldum skipt eftir vegflokkum samkvæmt gildandi vegalögum. Lengd vega eftir vegflokkum samkvæmt vegalögum er eftirfarandi:

Tafla 17 - Lengd vega eftir vegflokkum og svæðum Vegagerðarinnar í km. Þjóðvegir 21. ágúst 2018.

	Stofnvegir	Stofnvegir um hálendi	Tengivegir	Héraðsvegir	Landsvegir	Samtals
Suðursvæði	1.014	299	936	705	591	3.546
Vestursvæði	1.341	40	912	737	213	3.243
Norðursvæði	1.166	164	1.093	857	681	3.961
Austursvæði	891		440	345	470	2.144
Alls	4.412	503	3.381	2.644	1.955	12.895

Eftirfarandi er lýsing á helstu verkefnum í áætluninni. Svæðaskiptingin er samkvæmt starfssvæðum Vegagerðarinnar.


Suðursvæði

Undirbúningur verka utan áætlunar

Lögð er til fjárveiting til hönnunar verka utan áætlunar sem framkvæma á síðar.


Hringvegur um Gatnabrún

Lagt er til að lagfæra Hringveginn um Gatnabrún í Mýrdal á árinu 2021 sem nú er bæði brattur og með kröppum beygjum. Er þessi staður ein helsta hindrunin á þessum kafla Hringvegarins.




Hringvegur, Jökulsá á Sólheimasandi

Byggð verður ný brú á Jökulsá á Sólheimasandi á árunum 2020-2021. Gamla brúin er löng einbreið brú.




Hringvegur, norðaustan Selfoss, brú á Ölfusá

Lagt er til að haldið verði áfram undirbúningi nýs vegar norðaustan Selfoss með nýrri brú á Ölfusá. Gert er ráð fyrir að framkvæmdatími verði um fjögur ár.




Hringvegur, Biskupstungnabraut-Varmá.

Lagt er til að haldið verði áfram með 2+1 veg með aðskildum akbrautum með vegriði og planvegamótum ásamt hliðarvegum á kafla milli Selfoss og Hveragerðis. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki árið 2022.




Hringvegur, Varmá-Kambar

Lagt er til að gerður verði 2+1 vegur með aðskildum akbrautum með vegriði og planvegamótum á milli Varmár og Kambaróta. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist árið 2021.



Skeiða- og Hrunamannavegur

Lagt er til að Skeiða- og Hrunamannavegur milli Einholtsvegur og Biskupstungnabrautar verði endurgerður og lagður bundnu slitlagi á árunum 2019–2020.

*Eyrbakkavegur*


Gert verði hringtorg á Eyrbakkavegi við Skógarhóla á Selfossi ásamt undirgöngum á árinu 2020.

Skaftártunguvegur um Eldvatn

Fjárveitingin er ætluð til að ljúka framkvæmdum árið 2019.

Reykjavegur

Fjárveitingin er ætluð til að ljúka framkvæmdum árið 2020.



Suðursvæði II – Reykjavík og Suðvestursvæði

Undirbúningur verka utan áætlunar.

Lögð er til fjárveiting til hönnunar verka utan áætlunar sem koma til framkvæmda síðar.

Hringvegur, Bæjarháls-Vesturlandsvegur

Gert er ráð fyrir að tvöfalda um 1,6 km kafla Hringvegarins á árinu 2019.




Hringvegur, Skarhólabraut-Hafravatnsvegur

Lagt er til að Hringvegur verði breikkaður í fjórar akreinar með aðskildum akbrautum með vegriði og planvegamótum á kaflanum milli Skarhólabrautar og Hafravatnsvegur í þéttbýli Mosfellsbæjar á árinu 2019.



Hringvegur um Kjalarnes

Lagt er til að hafnar verði framkvæmdir við gerð 2+1 vegar á Kjalarnesi árið 2019.

*Hringvegur, tvöföldun Hvalfjarðarganga*

Unnið verði að undirbúningi á tvöföldun Hvalfjarðarganga og miðað við að ráðist verði í það verk í lok tímabilsins í samstarfi við einkaaðila.

Þingvallavegur í Mosfellsdal

Lagt er til að gerð verði tvö hringtorg og undirgöng á Þingvallavegi í Mosfellsdal árið 2021.

Reykjanesbraut, gatnamót við Bústaðaveg


Lagt er til að gerð verði mislæg gatnamót við Bústaðaveg.

Reykjanesbraut, undirgöng í Kópavogi

Gert er ráð fyrir greiðslu skuldar við Kópavogsbæ á árinu 2019 vegna undirganga við Lindir.

Reykjanesbraut, Kaldárselsvegur-Krýsuvíkurvegur

Gert er ráð fyrir að tvöfalda Reykjanesbraut milli Kaldárselsvegur og Krýsuvíkurvegar á árunum 2019–2020.




Reykjanesbraut, Krýsuvíkurvegur-Hvassahraun

Gert er ráð fyrir aðskilnaði akstursstefna með vegriði á hluta þessa kafla á Reykjanesbraut.



Grindavíkurvegur, Reykjanesbraut-Bláalónsvegur

Fjárveitingin er ætluð til að ljúka þeim framkvæmdum sem hófust árið 2018 við aðskilnað akstursstefna á Grindavíkurvegi.



Sundabraut

Ekki er fjárveiting til þessa verkefnis en verið er að skoða kosti þess að gerð og rekstur Sundabrautar verði samstarfsverkefni ríkis og einkaaðila. Umtalsvert fé þarf til að viðhalda og byggja upp samgöngukerfi landsins á næstu árum og því rétt að huga að aðkomu einkaaðila í samstarfi við opinbera aðila að stærri framkvæmdum. Markmiðið er að styrkja innviði og er í því sambandi litið til góðrar reynslu margra nágrannaþjóða af slíku samstarfi fjárfesta, rekstraraðila og ríkisvalds.

Bætt umferðarflæði og almenningssamgöngur

Fjárveitingu er ætlað að greiða kostnað við ýmis smærri verk sem ætlað er að eyða flöskuhálsum á einstaka stöðum og bæta þar með umferðarflæði, efla umferðaröryggi og bæta almenningssamgöngur með gerð sérreina fyrir strætisvagna og öðrum aðgerðum í þágu strætisvagna, svo sem við gatnamót. Aðgerðum er forgangsraðað og þær undirbúnar í samvinnu Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og á suðvesturhorni landsins.

Umferðarstýring á höfuðborgarsvæðinu

Fjárveiting er ætluð til uppsetningar og viðhalds tölvustýrðra umferðarljósa til að bæta umferðarflæði á höfuðborgarsvæðinu.

Öryggisáðgerðir

Fjárveiting er einkum ætluð til uppsetningar vegriða til að aðskilja akstursstefnur á 2+2 vegum á höfuðborgarsvæðinu og suðvesturhorni landsins.

Göngubrýr og undirgöng.

Fjárveitingu er ætlað að auka öryggi fótgangandi og hjólreiðafólks við umferðarmiklar stofnbrautir á höfuðborgarsvæðinu og suðvesturhorninu.

Almennings­samgöngur á höfuðborgarsvæðinu


Í sáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að stutt verði við almennings­samgöngur á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Samstarfshópur ríkis og SSH mun gera tillögu um aðkomu ríkisins að verkefnum. Komnar eru fram grófar tillögur að verkefnum og eru viðræður að fara af stað á milli aðila um nánari útfærslu verkefnanna, aðkomu ríkisins og fjármögnun þeirra.

Vestursvæði*Undirbúningur verka utan áætlunar*

Lögð er til fjárveiting til hönnunar verka utan áætlunar sem koma til framkvæmda síðar.


Hringvegur um Heiðarsporð (Biskupsbeygja)

Lagt er til að vegurinn um Heiðarsporð verði lagfærður á árinu 2021 en þar er hann bæði brattur og með kröppum beygjum.




Snæfellsnesvegur um Fróðárheiði

Fjárveitingin er ætluð til að ljúka framkvæmdum á Snæfellsnesvegi um Fróðárheiði.



Vestfjarðavegur um Gufudalssveit

Fjárveitingin er ætluð til framkvæmda við veginn milli Bjarkalundar og Skálarness við norðanverðan Breiðafjörð.



Vestfjarðavegur um Dynjandisheiði

Lagt er til að framkvæmdir við endurgerð Vestfjarðavegar um Dynjandisheiði, sem er um 35 km langur kafli, hefjist árið 2020.




Vestfjarðavegur–Dýrafjarðargöng

Lokið verði við jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar á árinu 2020 en verkið hófst árið 2017. Jarðgöngin munu stytta Vestfjarðaveg um 27 km.




Djúpvegur, Hestfirður-Seyðisfirður

Fjárveitingin er ætluð til lagfæringa á Djúpvegi yst í Hestfirði vestanverðum og Seyðisfirði en vegurinn á þessum kafla er bæði mjór og með blindhæðum. Áætlað er að framkvæmdir hefjist árið 2018 og að þeim ljúki ári síðar.



Djúpvegur um Hattardalsá í Álftafirði

Fjárveitingin er ætluð til endurbyggingar á einbreiðri brú á Hattardalsá og færslu vegarins.



Örlygshafnarvegur um Hvallátur

Lagt er til að endurgerð Örlygshafnarvegur um Hvallátur verði á árinu 2021.



Strandavegur um Veidileysuháls

Lagt er til að endurgerð vegar yfir Veidileysuháls hefjist árið 2022.



Strandavegur um Litlu Kleif í Norðurfirði

Lagt er til að farið verði í endurbætur á stuttum kafla á Strandavegi um Litlu Kleif.



Norðursvæði*Undirbúningur verka utan áætlunar*

Lögð er til fjárveiting til hönnunar verka utan áætlunar sem koma til framkvæmda síðar.

Jökulsá á Fjöllum

Fjárveitingin er ætluð til að undirbúa framkvæmdir við nýja brú á Jökulsá á Fjöllum.

Skagastrandarvegur, Hringvegur-Laxá

Fjárveitingin er ætluð til að endurgera veginn milli Hringvegur og Laxár og Þverárfjallsvegur í Refasveit.


*Norðausturvegur um Brekknaheiði*

Lagt er til að byrjað verði að endurgera veginn um Brekknaheiði á árinu 2023.




Hörgárdalsvegur


Lagt er til að Hörgárdalsvegur milli Skriðu og Brakanda verði endurgerður og lagður bundnu slitlagi á árinu 2021.

*Bárdardalsvegur vestri*

Lagt er til að Bárdardalsvegur vestri milli Hringvegur og Hlíðarenda verði endurgerður og lagður bundnu slitlagi á árinu 2021.

*Dettifossvegur, Súlnalækur-Ásheiði*

Fjárveiting er ætluð til að klára nýjan Dettifossveg milli Súlnalækjar og Ásheiðar á árunum 2019–2021.



Austursvæði

Undirbúningur verka utan áætlunar

Lögð er til fjárveiting til hönnunar verka utan áætlunar til framkvæmda síðar.


Hringvegur um Berufjarðarbotn.

Fjárveitingin er ætluð til að ljúka við nýjan kafla Hringvegar um Berufjarðarbotn á árinu 2019.



Hringvegur um Hornafjörð

Gert er ráð fyrir að halda áfram framkvæmdum á Hringveginum um Hornafjörð en verklok ráðast af fjárveitingum.




Hringvegur um Steinavötn.

Fjárveitingin er ætluð til endurbyggingar einbreiðrar brúar á Steinavötnum en einbreið bráðabirgðabrú var byggð haustið 2017 í stað brúar sem skemmdist í vatnavöxtum.



Borgarfjarðarvegur, Eiða-Laufás

Lagt er til að farið verði í endurbætur á Borgarfjarðarvegi milli Eiða og Laufáss á árunum 2022 til 2023 en þar er nú malarvegur.



Borgarfjarðarvegur um Vatnsskarð

Lagt er til að farið verði í endurbætur á Borgarfjarðarvegi um Vatnsskarð á árinu 2019.



Borgarfjarðarvegur um Njarðvíkurskriður

Lagt er til að endurbótum á Borgarfjarðarvegi um Njarðvíkurskriður verði haldið áfram á árinu 2019. Fjárveitingin er ætluð til að ljúka þeim framkvæmdum sem hófust árið 2018.

Sameiginlegt og óskipt

Tengivegir, bundið slitlag

Fjárveiting er ætluð til styrkingar og lagningar bundins slitlags á umferðarlitla tengivegi. Fyrir liggja verklagsreglur um hvernig staðið verður að því að leggja bundið slitlag á þessa vegi. Þeir eru oftast með takmarkað burðarþol, lega þeirra í hæð og plani er ekki fullnægjandi og svo mætti áfram telja. Þar sem víkja þarf frá veghönnunarreglum, eins og í beygjum og blindhæðum, verður gripið til viðeigandi mótvægisáðgerða. Beygjur verða merktar með leiðbeinandi hraða og með stefnuörvum. Blindhæðir verða málaðar með heildreginni línu og merktar með viðeigandi umferðarmerki og leiðbeinandi hraða og þeim jafnvel skipt í einstaka tilvikum. Til greina kemur að lækka leyfilegan hámarkshraða ef hönnunarhraði á öllum veginum er almennt lágur eða ef um stuttan veg er að ræða. Reynt verður að fylgja veghönnunarreglum vegna öryggissvæða utan vega eftir megni. Með þessum áðgerðum telur Vegagerðin að flýta megi lagningu bundins slitlags á umferðarlitla tengivegi án þess að gengið verði á öryggi þeirra og telur Vegagerðin að áðgerðirnar auki jafnframt öryggi. Með fjárveitingu þeirri sem lögð er til á tímabilinu má að öllum líkindum leggja bundið slitlag á um 130 km vega. Lagt er til að skipting fjárins fari eftir lengd tengivega á hverju svæði Vegagerðarinnar án bundins slitlags og umferð eins og verið hefur. Heimilt er einnig að nota fjárveitingu þessa til framkvæmda á héraðsvegum með hlutverk tengivega og eftir atvikum einnig á umferðarlitlum stofnvegum.

Einbreiðar brýr

Fjárveiting er ætluð til að breikka eða skipta út einbreiðum brúm. Á þjóðvegum eru 686 einbreiðar brýr og þar af eru 39 einbreiðar brýr á Hringveginum. Miðað er við að þeim fækki um níu á tímabilinu.

Hjólreiða- og göngustígar

Fjárveiting tekur mið af því að hjólreiðar sem samgöngugreinar. Reiknað er með að viðkomandi sveitarfélög taki þátt í kostnaði að undangengnum samningum þar um. Miðað er við að þátttaka Vegagerðarinnar verði allt að helmingur kostnaðar nema á langleiðum utan höfuðborgarsvæðisins þar sem kostnaðarþátttaka getur orðið meiri. Með stígagerð er stefnt að því að umferð hjólandi ökumanna verði ekki leyfð á vegum.

Samgöngurannsóknir

Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar styrkir rannsóknir á sviði vegtækni og samgangna. Miðað er við að rannsóknasjóðurinn styrki verkefni í samræmi við áherslur samgönguáætlunar.

Héraðsvegir

Samkvæmt vegalögum, nr. 80/2007, svara héraðsvegir að mestu til safnvega áður. Lengd héraðsvega er um 2.644 km. Með breytingu á vegalögum í ársbyrjun 2015 stýttust héraðsvegir um 346 km og lengdust tengivegir sem því nemur.

Landsvegir utan stofnvegakerfis

Landsvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar og aflagðir byggðavegir á eyðilendum. Lengd þeirra er um 1.955 km. Á landsvegum skal einungis gera ráð fyrir árstímabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum vegum.

Styrkir til samgönguleiða/styrkvegir

Heimilt er að styrkja tilteknar samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar þjóðvega. Auglýst er eftir umsóknum árlega.

Reiðvegir

Lagt er til að árleg fjárveiting til reiðvega verði hækkuð í 75 millj. kr. á ári út tímabilið.

Smábrýr

Lagt er til að fjárveiting til smábrúa verði 50 millj. kr. á ári.

Girðingar

Lagt er til að árleg fjárveiting til viðhalds girðinga verði 60 millj. kr. á tímabilinu.

Sameiginlegur jarðgangakostnaður

Fjárveiting er ætluð til greiðslu sameiginlegs kostnaðar við undirbúning framkvæmda við jarðgöng.

3.2.3 Framkvæmdir við vita og hafnir**3.2.3.1 Vitabyggingar**

Undir þennan lið fellur nauðsynleg endurnýjun á búnaði vita og dufla. Miðað er við að nýir vitar eða dufl verði ekki tekin í notkun heldur aðeins endurbygging eldri vita eða endurnýjun dufla. Að auki falla öldudufl undir þennan lið en gera má ráð fyrir að þeim fjölgi á tímabilinu. Innan skamms má búast við að þörf verði á endurnýjun nokkurra vita.

3.2.3.2 Sjóvarnargarðar

Gert er ráð fyrir áframhaldandi vinnu að sjóvörnum á áætlunartímabilinu. Unnið er í samvinnu við sveitarfélög/landeigendur sem greiða a.m.k. 1/8 hluta kostnaðar. Við útteilingu fjármagns er notað forgangsröðunarlíkan sem tekur tillit til sjávarrofs og verðmæta lands sem hverfur. Gert er ráð fyrir að framkvæmdaþörf í sjóvörnum aukist vegna hækkandi sjávarstöðu sem orsakast af hnattrænni hlýnun og jarðskorpuhreyfingum. Þá er töluvert um að sjóvarnir séu orðnar gamlar og þörf sé á endurbyggingu og styrkingu. Í töflu 9 í þingsályktunartillögunni er að finna ítarlega sundurliðun á fyrirhuguðum sjóvarnarframkvæmdum.

3.2.3.3 Landeyjahöfn

Á áætlunartímabilinu er gert ráð fyrir framkvæmdum við að endurbæta Landeyjahöfn. Framlögnum er ætlað að standa undir kostnaði við rannsóknir, öryggismál og framkvæmdir sem eiga að auðvelda að halda nægu dýpi í höfninni. Einnig er gert ráð fyrir viðhaldsdýpkun árlega auk landgræðslu. Í lok tímabilsins er gert ráð fyrir að malbika bílastæði og endurbyggja flóðvarnargarða. Miðað er við að viðhaldsdýpkun verði mest með dýpkunarskipum en yfir

háveturinn verður hafnarmynnið dýpkað frá landi. Helstu framkvæmdir eru að gera steypa akbraut út á ytri garðhousa, byggja tunnu á endum til að þrengja hafnarmynnið og stækka athafnarými ferjunnar í innri höfn. Gert er ráð fyrir að fjárveitingar lækki á seinni hluta tímabilsins vegna minni dælingar með komu grunnristari ferju sem kemur í lok árs 2018.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi rannsóknum á að endurbæta Landeyjahöfn sem felst í að draga úr sandburði og ölduhæð.

Botndælubúnaður í Landeyjahöfn

Gert er ráð fyrir að komið verði upp dælu og lögnum við hafnarmynnið til að dýpka yfir veturinn.

3.2.3.4 Ferjubryggjur

Undir ferjubryggjur falla framlög til viðhalds og endurbyggingar hafnarmannvirkja utan skilgreindra hafnarsvæða þar sem ríkið styrkir ferjusiglingar, t.d. á Breiðafirði, í Mjóafirði og við Ísafjarðardjúp. Á tímabilinu er gert ráð fyrir að endurbyggja ferjuaðstöðuna í Mjóafirði og rífa ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp sem eru aflagðar.

3.2.3.5 Hafna- og strandrannsóknir

Til hafnarannsóknna falla frumrannsóknir, gerð grunnkorta af hafnarsvæðum, dýptarmælingar, jarðvegsathuganir, straumfræðirannsóknir, undirstöðurrannsóknir á sjólagi og strandbreytingum, öldulíkön fyrir hafnir, líkantilraunir og hagkvæmniathuganir.

Hornafjörður: Kannaðir verða möguleikar á að auka dýpi til siglinga yfir Grynnslin utan við Hornafjarðarós. Unnið verður samkvæmt rannsóknááætlun en áætlaður heildarkostnaður er um 50 millj. kr. Þessar rannsóknir eru afar mikilvægar fyrir Hornafjarðarhöfn til að unnt sé að skera úr um það hvort hún geti þróast í takt við stærri og djúpristari fiskiskipaflota og flutningaskip.

Strandrannsóknir

Til strandrannsóknna teljast m.a. öflun ýmissa grunnupplýsinga, mælingar og rannsóknir sem stuðla að öryggi sjófarenda og íbúa á strandsvæðum og grunnrannsóknir sem nýtast við hönnun hafnarmannvirkja, sjóvarnargarða og annarra mannvirkja við strendur landsins.

Helstu verkefnaflokkar eru:

- Öldufars- og sandburðarrannsóknir. Helstu verkefni eru öldufars- og efnisburðarrannsóknir, sandflutningar við Þorlákshöfn og Landeyjahöfn, landbrot við Vík í Mýrdal og við Jökulsá á Breiðamerkursandi, rannsóknir til að tryggja aukið dýpi fyrir stærri fiskiskip í innsiglingunni til Hafnar í Hornafirði, sandburður og uppbygging lands í Sauðárkrókshöfn og sandflutningur í skjóli við brimvarnargarðinn á Rífi.
- Umhverfisrannsóknir. Þessar rannsóknir beinast að áframhaldandi þróun upplýsingakerfis um veður og sjólag. Stefnt er að uppsetningu kerfis sjávarborðsmæla til að fylgjast með afstöðubreytingum lands og sjávar sem bæði geta stafað af jarðskorpuhreyfingum og hnattrænni hlýnun. Fylgjast þarf með langtímabreytingum, m.a. til að meta flóðahættu við ströndina. Rauntíma ölduspárlíkan fyrir landgrunnið verður útvíkkað og endurbætt með það að markmiði að bæta upplýsingagjöf til sjófarenda nærri ströndinni. Bætt verði inn ölduspá við hafnir. Reklíkan sem tekur á reki skipa, björgunarbáta, hafíss og mengandi efna verður virkjað og endurbætt.

3.2.4 Hafnabótasjóður – styrktar framkvæmdir

Stjórnvöldum er heimilt að styrkja framkvæmdir í höfnum samkvæmt hafnalögum. Hluttur ríkisins er frá 60% til 90% og ræðst af tekjum hafna og viðkomandi framkvæmdum, sjá 24. gr. hafnalaga, nr. 61/2003.

Í hafnalögum er það skilyrði sett fyrir úthlutun styrkja úr ríkissjóði að viðkomandi höfn hafi skilað rekstrarafgangi að teknu tilliti til vaxta eða hafi nýtt kosti sína til tekjuöflunar með eðlilegum hætti.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. hafnalaga skal framlag ríkissjóðs ekki raska ótilhlýðilega samkeppni milli hafna samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Eftirtaldir hafnir fá ekki ríkisstyrk vegna þessa ákvæðis: Faxaflóahafnir, Kópavogshöfn, Hafnarfjarðarhöfn og hafnir í Fjarðabyggð.

Við undirbúning samgönguáætlunar sóttu hafnir um framkvæmdir fyrir um 36 milljarða króna á tímabili áætlunarinnar og þar af gæti framlag ríkissjóðs numið allt að 18 milljörðum króna. Framlag ríkissjóðs til nýrra hafnarframkvæmda, þ.e. að frádregnum hafnarframkvæmdum á eldri áætlun, er aðeins um fimmmilljarðar kr. og því er nauðsynlegt að forgangsraða hafnarframkvæmdum í samgönguáætlun. Við forgangsröðun var eftirfarandi haft að leiðarljósi:

- Framkvæmdir sem voru hafnar fóru inn á nýja áætlun.
- Framkvæmdir sem voru í eldri samgönguáætlun en voru ekki hafnar fóru endurskoðaðar í nýja áætlun.
- Að viðkomandi framkvæmd taki mið af mikilvægi fyrir samgöngukerfi landsins og almannahagsmuni á viðkomandi stað (hafnalög gr. 23).
- Að viðkomandi framkvæmd sé hagkvæm og ekki ætluð til afnota fyrir einstaka aðila í flutningastarfsemi (gr. 23.).
- Að viðkomandi framkvæmd raski ekki samkeppnisstöðu skv. ákvæðum Evrópska efnahagssvæðisins (gr. 23).
- Höfnin skili rekstrarafgangi að teknu tilliti til vaxta eða hafi nýtt kosti sína til tekjuöflunar með eðlilegum hætti (gr. 24).
- Að framkvæmdin tryggji viðhald hafnarinnar og öryggi sjófarenda.
- Viðhaldsdýpkanir og endurbygging hafnarmannvirkja.

Rannsóknir til að bæta hafnaraðstöðu

Úr hafnabótasjóði er fjárveiting ætluð til að bæta hafnaraðstöðu í einstökum höfnum. Óskað hefur verið eftir rannsóknum til að bæta hafnaraðstöðu á eftirtöldum stöðum:

- Arnarstapi, athugun á að auka athafnarými, viðlegu og kyrrð innan hafnar.
- Ólafsvík, athugun á lengingu Norðurgarðs til að auka kyrrð innan hafnar. Einnig lengd og form garðs.
- Vesturbyggð, athugun á aðstöðu fyrir flutningaskip á Patreksfirði.
- Bolungarvík, athugun á áhrifum endurbóta innan hafnar á kyrrð og hvort unnt sé að draga úr sandburði, athugun á ástandi Grundargarðs og mat á þörf til endurbyggingar.
- Ísafjörður, athuganir á aðkomu og aðstöðu stórra skemmtiferðaskipa.
- Sauðárkrókur, undirbúningsrannsóknir vegna nýrrar ytri hafnar, sandburðarreikningar og öldulíkön.
- Húsavík, athugun á kyrrð við Bökubakka með reiknilíkani fyrir öldur innan hafnar, athugun á möguleikum til að hefta sandburð.
- Þórshöfn, athugun á stækkunarmöguleikum.

- Fjarðabyggð, athugun á hafnaraðstöðu fyrir botni Eskifjarðar.
- Djúpvogur, athugun á hafnaraðstöðu fyrir fiskeldi.
- Vestmannaeyjar, gera samanburð á hafnarkostum fyrir stór flutningaskip.
- Þorlákshöfn, sandburðarrannsóknir í tengslum við nýja innsiglingarlínu, endurskoðun á tillögum að stórskipahöfn.
- Grindavík, setja upp reiknilíkan af höfninni til að kanna áhrif ýmissa breytinga á kyrrð innan hafnar.
- Reykjaneshöfn, athugun á uppbyggingu fiskihafnar og aðstöðu fyrir slipp í Njarðvíkurhöfn.

Helstu hafnarframkvæmdir

Á fyrri hluta tímabilsins er gert ráð fyrir að ljúka þeim verkum sem þegar eru hafin og byrja aðeins á verkefnum sem voru á eldri áætlun. Gera má ráð fyrir að við endurskoðun áætlunar verði gerðar breytingar á síðara tímabilinu. Í töflu 8 í þingsályktunartillögunni er að finna ítarlega lýsingu á fyrirhuguðum ríkisstyrktum hafnarframkvæmdum.